



# Leiðarvísir um viðbrögð framhaldsskóla við EKKO málum nemenda

**Útgefandi:**

Stjórnarráð Íslands

Leiðarvísir um viðbrögð framhaldsskóla við EKKO málum nemenda

1. útgáfa - mars 2024

mrn@mrn.is

www.mrn.is

Vinsamlegast beinið ábendingum um efni leiðarvísisins til mennta- og barnamálaráðuneytis.

**Umbrot og textavinnsla:**

Mennta- og barnamálaráðuneyti

©2024 Mennta- og barnamálaráðuneyti

# Efnisyfirlit

<b>Inngangur .....</b>	<b>5</b>
<b>Viðfangsefni leiðarvísisins .....</b>	<b>7</b>
<b>1. Undirbúningur viðbragðsáætlana um EKKO .....</b>	<b>10</b>
1.1 Samræming reglna, stefna og áætlana.....	10
1.2 Samráð við skólasamfélagið .....	11
1.3 Skilgreining markmiða.....	11
1.4 Skilgreining ábyrgðar og verkaskiptingar.....	12
1.5 Skilgreining viðbragðsferla .....	12
1.6 Skráning og vistun upplýsinga.....	13
1.7 Upplýsingamiðlun.....	14
<b>2. Dæmi um feril viðbragða við EKKO málum .....</b>	<b>15</b>
2.1 Upphaf.....	15
2.1.1 Nemandi segir frá broti .....	15
2.1.2 Ábending eða grunur um EKKO mál .....	16
2.2 Fyrstu viðbrögð.....	17
2.2.1 Foreldrar og aðrir forsjáraðilar .....	17
2.2.2 Barnaverndarþjónusta .....	18
2.2.3 Lögregla.....	21
2.2.4 Samþætting þjónustu í þágu farsældar barna .....	22
2.3 Greining á aðstæðum.....	23
2.3.1 Stöðumat við upphaf greiningar.....	23
2.3.2 Upplýsingaöflun.....	23
2.3.3 Upplýsingagjöf.....	26
2.3.4 Niðurstaða eftir greiningu.....	28

2.4	Aðgerðir skóla .....	29
2.4.1	Almennt um stuðning við nemendur .....	29
2.4.2	Stuðningur við þolanda .....	30
2.4.3	Aðgerðir skóla sem beinast að meintum geranda .....	30
2.4.4	Almennar aðgerðir skóla .....	31
2.5	Eftirfylgni .....	31
<b>3.</b>	<b>Nánar um íþyngjandi ákvarðanir gagnvart nemendum vegna EKKO .....</b>	<b>32</b>
3.1	Almennt .....	32
3.2	Úrræði sem framhaldsskólar geta beitt gagnvart nemendum sem hafa framið brot .....	32
3.3	Val á úrræðum .....	34
3.3.1	Skyldubundið mat stjórnvalda og meðalhóf .....	34
3.3.2	Sérstök sjónarmið um börn .....	35
3.3.3	Samvinna um niðurstöðu eða einhliða ákvörðun? .....	35
3.4	Málsmeðferð .....	36
3.4.1	Reglur stjórnsýslulaga .....	36
3.4.2	Rannsókn .....	37
3.4.3	Tilkynning um að mál sé til meðferðar .....	37
3.4.4	Andmælaregla .....	38
3.4.5	Ákvörðun, rökstuðningur og kærueimild .....	39
3.4.6	Hvað gerist í kjölfar ákvörðunar? .....	39
<b>4.</b>	<b>Yfirlit yfir ýmis stuðningsúrræði vegna EKKO mála .....</b>	<b>40</b>
	<b>Viðauki: Punktur um forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi og áreitni í framhaldsskólum .....</b>	<b>42</b>

# Inngangur

Á undanförunum misserum hefur farið fram mikil umræða um kynferðisofbeldi í framhaldsskólum. Í ljós hafa komið ákveðnar brotalamir þegar kemur að viðbrögðum skólanna við EKKO málum sem er skammstöfun fyrir einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi. Reynslan sýnir að skólakerfið hefur oft brugðist þolendum og að ekki hefur alltaf tekist að skapa skilvirkt öryggisnet fyrir þolendur sem og gerendur í þessum erfiðu og þungbæru málum.

Börn og ungmenni sem hafa orðið fyrir áreitni eða ofbeldi eru mun líklegri til að finna fyrir vanlíðan eða sýna áhættuhegðun á skólaaldri. Áföll í æsku hafa líka neikvæð áhrif á heilsu og vellíðan á fullorðinsaldri. Að sama skapi benda rannsóknir til þess hægt sé að draga verulega úr neikvæðum afleiðingum áfalla með réttum viðbrögðum.

Framhaldsskólar þurfa því að gera ráð fyrir því að í öllum nemendahópum séu þolendur eineltis, áreitni eða annars ofbeldis. Þá þarf skólasamfélagið að undirbúa viðbrögð við einelti, áreitni og ofbeldi sem grípa nemendur og stuðla að farsæld þeirra í nútíð og framtíð. Þessi viðbrögð þurfa að samrýmast hlutverkum og verkaskiptingu milli skóla og annarra aðila, eins og lögreglu og barnaverndar.

Ofbeldi sem byggir á valdaójafnvægi, þar á meðal kynbundið ofbeldi, á sér langa sögu í samfélaginu og þarf að uppræta. Ljóst er að vinna þarf með markvissum hætti með skólabrag í framhaldsskólum þar sem áhersla er lögð á forvarnir gegn einelti, áreitni og ofbeldi. Þar þarf sérstaklega að gæta að hópum sem eru útsettir fyrir mismunun, m.a. á grundvelli kyns, kynvitundar, kynhneigðar, fötlunar, uppruna, kynþátta og annarra þátta, svo sem félagslegra og efnahagslegra aðstæðna.

Leiðarvísir fyrir framhaldsskóla um viðbrögð við EKKO málum nemenda á að vera verkfæri sem styður framhaldsskóla í þessum verkefnum. Því verður ekki lokið í eitt skipti fyrir öll með útgáfu leiðarvísis, heldur verður að vera lifandi verkefni sem er endurskoðað reglulega í samráði við lykilaðila skólasamfélagsins.

Þessi fyrsta útgáfa af leiðarvísinum var unnin í mennta- og barnamálaráðuneytinu í samvinnu við þverfaglegan samráðshóp með fulltrúum frá eftirfarandi aðilum:

- Barna- og fjölskyldustofu
- Fagráði eineltismála
- Embætti landlæknis
- Félagi framhaldsskólakennara
- Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu
- Ríkislögreglustjóra
- Sambandi íslenskra framhaldsskólanema

- Sambandi íslenskra sveitarfélaga
- Samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsstarfs
- Skólameistarafélagi Íslands
- Stígamótum.

Gert er ráð fyrir áframhaldandi samráði hópsins um aðra útgáfa leiðarvísis um EKKO mál í framhaldsskólum.

# Viðfangsefni leiðarvísisins

Í leiðarvísinum er samheitið *EKKO* notað yfir einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni, ofbeldi og kynbundið ofbeldi. Þessi orðnotkun er viðurkennd í umfjöllun um þessi mál og má m.a. finna eftirfarandi skilgreiningar á hugtökum 2. gr. jafnréttislaga<sup>1</sup>:

Einelti	Síendurtekin hegðun sem almennt er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður, svo sem að gera lítið úr, móðga, særa eða ógna viðkomandi eða að valda honum ótta. Skoðanaágreiningur eða ágreiningur vegna ólíkra hagsmuna fellur ekki hér undir.
Kynferðisleg áreitni	Hvers kyns kynferðisleg hegðun sem hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg.
Kynbundin áreitni	Hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir viðkomandi.
Ofbeldi	Hvers kyns hegðun sem leiðir til, eða gæti leitt til, líkamlegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir henni verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis.
Kynbundið ofbeldi	Ofbeldi á grundvelli kyns sem leiðir til eða gæti leitt til líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir því verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi.

Rétt er að leggja áherslu á að EKKO mál eru fjölbreytt. Í erfiðustu tilvikunum getur vafi um hvað nákvæmlega fór fram haft áhrif á það hvernig framhaldsskólar geta brugðist við. Aftur á móti verður að leggja ríka áherslu á að þótt orð standi gegn orði getur það ekki verið ástæða eða afsökun fyrir framhaldsskóla að aðhafast ekkert vegna EKKO máls.

<sup>1</sup> Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, nr. 150/2020. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2020150.html>  
 Í reglugerð um aðgerðir gegn EKKO á vinnustöðum, nr. 1009/2015, koma þessi hugtök jafnframt fram. Þótt reglugerðin, sem er sett á grundvelli laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, taki til framhaldsskóla fjallar hún um ábyrgð atvinnurekenda á vinnustöðum, þ.m.t. um skipulag, tilhögun og framkvæmd vinnu. Hún á því almennt ekki við um nemendur í framhaldsskólum.

Í leiðarvísinum er orðið *polandi* notað um þann sem hefur orðið fyrir einelti, áreitni eða ofbeldi. Þessi orðnotkun er til hægðarauka þegar kemur að framsetningu leiðarvísisins. Orðið er þekkt og auðskilið þótt notkun þess er ekki án vandkvæða. Mikilvægt er að framhaldsskólar sem nota leiðarvísinn séu meðvitaðir um að ekki allir sem hafa orðið fyrir einelti, áreitni eða ofbeldi upplifa sig sem þolendur eða vilja að vísað sé til þeirra með þeim hætti. Þarf starfsfólk skóla því að huga vel að orðnotkun út frá aðstæðum hverju sinni og virða mat þolanda á því hvernig hann upplifir aðstæður.

Í leiðarvísinum eru orðin *meintur gerandi* notuð til að lýsa þeim sem sagður er hafa valdið einelti, áreitni eða ofbeldi. Eins og með orðið *polandi* er um að ræða þekktu orðnotkun sem er þó ekki gallalaus. Er hér sérstaklega horft til þess þegar þolendur upplifa að með því að nota orðið *meintur* um gerendur þeirra sé verið að draga úr trúverðugleika frásagna þeirra. Þess vegna er rétt að leggja áherslu á að í leiðarvísinum eru orðin *meintur gerandi* notuð þegar verið er að lýsa aðstæðum þar sem ekki er gerð krafa um að óyggjandi sannanir liggi fyrir um að tiltekinn einstaklingur hafi lagt í einelti, beitt áreitni eða framið ofbeldi. Orðið *gerandi* er svo notað í afmörkuðum tilvikum þegar fjallað er um viðbrögð gagnvart nemendum sem skóli telur upplýst að hafi gerst brotlegir við reglur með háttsemi sinni. Rétt er að árétta að með orðunum *meintur gerandi* er ekki tekin afstaða til einstakra mála og rétt að leggja áherslu á það að framhaldsskólar sem nota leiðarvísinn ákveði orðnotkun út frá aðstæðum hverju sinni.

Leiðarvísirinn er sniðinn að framhaldsskólum og er ætlaður sem stuðningsefni eða verkfæri fyrir skólustjórnendur og starfsfólk framhaldsskóla við undirbúning viðbragða við EKKO málum nemenda viðkomandi skóla. Markmið með honum er að styðja við og samræma þetta viðbragð framhaldsskólanna en nauðsynlegt er að hver skóli vinni sína áætlun þar sem tekið er tillit til aðstæðna í skólanum.

Leiðarvísinum er ætlað að ná utan um öll mál þar sem nemandi í framhaldsskóla segir frá því að hafa orðið fyrir EKKO, óháð því hvort meintur gerandi sé innan skóla. Í leiðarvísinum er þó sjónum beint á köflum sérstaklega að því þegar meintur gerandi í viðkomandi máli er jafnframt nemandi við skólann. Leiðarvísinum er ætlað að ná yfir EKKO mál á milli þessara nemenda þar á meðal ef þau eiga sér stað í stafrænum samskiptum og í félagslífi.

Utan við efni leiðarvísisins falla EKKO mál sem varða starfsfólk skóla. Þessi efnisafmörkun dregur ekki úr mikilvægi þess að brugðist sé við í þessum málum en reglur um viðbrögð við þeim eru í grundvallaratriðum ólík viðbrögðum í málum nemenda og er því mælt með því að fjallað sé um þau í áætlunum sem sniðnar eru að starfsfólki skóla. Þá er í leiðarvísinum ekki fjallað um mál þar sem meintur gerandi er nemandi við framhaldsskóla en þolandinn er það ekki.



### Forvarnir og fyrirbyggjandi aðgerðir í EKKO málum

Í vinnslu leiðarvísisins kom fram skýr áhersla á mikilvægi forvarna og fyrirbyggjandi aðgerða vegna EKKO mála. Hagsmunaaðilar, þar á meðal þátttakendur í samráðshópnum, voru raunar sammála um að viðbragð við EKKO málum ætti alltaf að ræða í tengslum við forvarnir og fyrirbyggjandi aðgerðir. Þá var hópurinn sammála um að framhaldsskólar þyrftu ekki síður stuðning við forvarnir og fyrirbyggjandi aðgerðir en við gerð viðbragðsáætlana við EKKO málum.

Af þessu tilefni er rétt að leggja ríka áherslu á að ef forvörnum og fyrirbyggjandi aðgerðum er sinnt vel má draga verulega úr líkum þess að EKKO mál komi upp. Skólasamfélög framhaldsskóla bera sameiginlega ábyrgð á því að fyrirbyggja neikvæða hegðun og stuðla að góðum skólabrag sem einkennist af jákvæðum samskiptum, vellíðan og öruggu umhverfi.

Ýmis verkfæri eru til staðar sem geta stutt framhaldsskóla í fræðslu og annarri vinnu með forvarnir og fyrirbyggjandi aðgerðir þegar kemur að EKKO málum. Sem dæmi má nefna Heilsueflandi framhaldsskóla en samkvæmt stefnu Heilsueflandi framhaldsskóla á hver skóli að helga ákveðnum tíma á skólaárinu umfjöllun um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni. Sjá má nánari upplýsingar um verkefnið á síðunni framhaldsskoli.heilsueflandi.is. Þá er í viðauka við leiðarvísi þennan gátlisti í punktaformi sem getur nýst skólum í forvörnum gegn kynferðislegu ofbeldi og áreitni í framhaldsskólum.

Jafnframt er rétt að benda á að samhliða 1. útgáfu leiðarvísis þessa afhenti mennta- og barnamálaráðuneytið framhaldsskólum myndband sem heitir *#MeToo bylting framhaldsskólanna – Samþykki, mörk og nán samskipti*, ásamt umræðuskjali, sem nota má í fræðslu.

# 1. Undirbúningur viðbragðsáætlana um EKKO

## 1.1 Samræming reglna, stefna og áætlana

Víða í lögum og reglugerðum hafa verið lagðar skyldur á framhaldsskóla að setja reglur, stefnur og áætlanir sem tengjast að nokkru leyti EKKO málum. Þær helstu eru eftirfarandi:

### Stefna um forvarnir í framhaldsskólum.<sup>2</sup>

**Heildstæð stefna um það hvernig fyrirbyggja eigi að líkamlegt, andlegt eða félagslegt ofbeldi eigi sér stað í skólastarfi.<sup>3</sup>**

**Áætlun um viðbrögð við tilvikum um einelti, annað ofbeldi og félagslega einangrun og áætlun um framkvæmd tilkynningaskyldu.<sup>4</sup>**

**Sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að nemar verði fyrir EKKO í skólum.<sup>5</sup>**

### Skólareglur framhaldsskóla.<sup>6</sup>

Þessar reglur, stefnur og áætlanir geta fjallað um viðbrögð framhaldsskóla í EKKO málum. Þrátt fyrir það er mælt með því að skólarnir vinni sérstaka viðbragðsáætlun fyrir EKKO mál. Samhliða er lagt til að skólar rýni reglur, stefnur og áætlanir til að tryggja að þær séu samþættar og myndi eina heild. Hér er einkum litið til áætlana um viðbrögð við annars konar ofbeldi og félagslegri einangrun ásamt áætlunum um framkvæmd tilkynningaskyldu sem nær út fyrir EKKO mál eins og nánar er fjallað um í kafla 2.2.2. Þá þarf að huga að samfellu þessara þátta við heilsuefningu og forvarnarstarf.

Þá er mikilvægt að rýna skólareglur sem geta sett ramma fyrir viðbrögð í samskiptum og gagnkvæmri virðingu milli nemenda og bannað með skýrum hætti ofbeldi og ósæmilega hegðun nemenda. Nánar er fjallað um skólareglur í tengslum við íþyngjandi ákvarðanir gagnvart nemendum vegna EKKO mála í kafla 3.2.

<sup>2</sup> 3. mgr. 36. gr. laga um framhaldsskóla.

<sup>3</sup> 4. mgr. 33. gr. b laga um framhaldsskóla og 1. mgr. 9. gr. reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í framhaldsskólum, nr. 326/2016, <https://island.is/reglugerdir/nr/0326-2016>

<sup>4</sup> 5. mgr. 33. gr. b laga um framhaldsskóla og 1. mgr. 9. gr. reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í framhaldsskólum

<sup>5</sup> 1. mgr. 14. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, nr. 150/2020, <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2020150.html>

<sup>6</sup> 3. mgr. 33. gr. b laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008 <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008092.html>

## 1.2 Samráð við skólasamfélagið

Í undirbúningi að gerð stefna og viðbragðsáætlana er mikilvægt að það eigi sér stað samráð við alla aðila skólasamfélagsins, svo sem nemendur, kennara og annað starfsfólk skóla og skólanefnd. Opið samtal um EKKO mál er sérstaklega mikilvægt enda getur samtalið sem slíkt haft forvarnargildi og er til þess fallið að vinna gegn því að þolendur upplifi skömm. Ýmsar reglur í lögum um framhaldsskóla fjalla um samráð við aðila skólasamfélagsins og til að mynda ber skólum að eiga samráð við forsjáraðila nemenda um hegðun, líðan og samskipti barna þeirra yngri en 18 ára.<sup>7</sup>

Við undirbúning viðbragðsáætlana í EKKO málum nemenda verður að leggja megináherslu á samtal og samráð við nemendur.<sup>8</sup> Í því sambandi þarf að gæta að því að skapa umhverfi þar sem nemendur upplifa sig örugga í samtalinu, að nemendur fái nægar upplýsingar til að taka virkan þátt í samtalinu og fái að sjá afrakstur þátttöku sinnar í endanlegri viðbragðsáætlun. Í samráðinu kann jafnframt að vera tilefni til að vinna með virkum hætti að því að fá fram sjónarmið þeirra sem vitað er að eru útsettari fyrir ofbeldi, meðal annars vegna kyns, kynþáttar og/eða fötlunar.

## 1.3 Skilgreining markmiða

Markmið með viðbragðsáætlun fyrir EKKO mál nemenda er að skýrt sé hvernig framhaldsskólar bregðast við þegar nemandi segir frá EKKO máli.

Viðbragðsáætlanir geta þó aldrei fjallað með tæmandi hætti um öll viðbrögð enda verða þær að endurspegla skyldu framhaldsskóla til að meta hvert mál út frá aðstæðum.

Dæmi um markmið með viðbrögðum í EKKO málum er að styðja við heilbrigði, velferð, vellíðan og nám þolanda og að þolandi upplifi sig öruggan í skólanum. Markmið aðgerða gagnvart geranda í EKKO máli geta verið að veita viðeigandi stuðning á sama tíma og viðkomandi nemanda eru sýndar afleiðingar gerða sinna.

Þá er hægt að vísa til skyldu framhaldsskóla samkvæmt lögum, reglum og aðalnámskrá, t.d. um að efla heilbrigði og stuðla að velferð og vellíðan allra nemenda. Í því sambandi skiptir máli að skólinn sýni að EKKO mál séu ekki liðin í nemendahópnum.

---

<sup>7</sup> 2. mgr. 33. gr. b. laga um framhaldsskóla.

<sup>8</sup> Þótt ekki allir nemendur séu börn að aldri má hafa hliðsjón af 12. gr. barnasáttmálans þar sem fjallað er um rétt barna til að láta skoðanir sínar í ljós í málum sem þau varða og að tekið skuli réttmætt tillit til skoðana þeirra. Sjá t.d. <https://www.barnasattmali.is/>

## 1.4 Skilgreining ábyrgðar og verkaskiptingar

Mikilvægt er að í viðbragðsáætlun sé skýrt hver er ábyrgð og verkaskipting starfsfólks. Skólameistari ber ábyrgð á því að fela starfsfólki verkefni. Allt starfsfólk framhaldsskóla þarf að hafa þekkingu á EKKO málum en starfsfólk sem tekur virkan þátt í vinnslu málanna þarf að hafa dýpri þekkingu á eðli, umfangi, afleiðingum og ólíkum birtingarmyndum eineltis og ofbeldis. Þar á meðal kynferðisofbeldis og hvernig afleiðingar ofbeldis snerta allt skólasamfélagið.<sup>9</sup>

Nánara skipulag ábyrgðar og verkaskiptingar starfsfólks ræðst af stærð og aðstæðum innan viðkomandi skóla. Mælt er með því að skóli velji í það minnsta einn fulltrúa EKKO mála sem er skilgreindur í viðbragðsáætlun sem ábyrgur fyrir vinnslu EKKO máls. Í stærri skólum er mælt með því að skilgreina teymi starfsfólks sem kemur að viðbragði við EKKO málum. Þegar EKKO teymi kemur að málum er gott að huga að samsetningu teymisins með áherslu á fjölbreytni þegar kemur að fagþekkingu og bakgrunni. Ef EKKO teymi er sett á fót er mælt með því að tiltaka starfsmann sem leiðir teymið og ber ábyrgð á vinnslu EKKO máls. Þá er mælt með því að skilgreina hlutverk einstakra starfsmanna innan teymis, t.d. ábyrgð á samskiptum við nemendur sem hlut eiga að máli, forsjáraðila, lögreglu, barnavernd, ábyrgð á yfirsýn yfir upplýsingar í málinu o.s.frv.

Starfsfólk sem fær skilgreind verkefni í viðbragðsáætlun vegna EKKO mála þarf að hafa tækifæri til að veita öðru starfsfólki stuðning vegna mála sem tengjast EKKO. Þá þarf starfsfólkið að hafa aðgang að fræðslu, stuðningi og þjálfun, m.a. í því að takast á við erfið samtöl.

Eins og á við um alla starfsemi skólans starfa EKKO teymi eða fulltrúi EKKO mála undir yfirstjórn skólameistara. Rétt er að minna á að reglur geta takmarkað möguleika á að fela EKKO teymi að taka ákvarðanir, t.d. reglur laga um framhaldsskóla sem fela skólameistara ákvörðunarvald þegar kemur að brottvísunum nemenda.<sup>10</sup>

## 1.5 Skilgreining viðbragðsferla

Þar sem stoðkerfi skóla er mismunandi þarf hver framhaldsskóli að skilgreina viðbragðsferla við EKKO málum nemenda. Þá þurfa skólar að huga að því að ferillinn nái til þeirra fjölbreyttu EKKO mála sem geta komið upp.

Viðbragðsáætlanir þurfa að endurspeglar skilning á því að mismunandi reglur gilda um börn og fullorðna nemendur í skólum. Þá er rétt að minna á að

---

<sup>9</sup> Starfsfólk skóla getur meðal annars sótt fræðslu um kynferðisofbeldi og kynferðislega hegðun barna og unglinga í BoFS skólanum, sjá nánar á <https://www.bofs.is/stodflokkar/fraedslutorg/>

<sup>10</sup> 33. gr. a laga um framhaldsskóla.

viðbragðsáætlun eða viðbragðsferill getur ekki komið í staðinn fyrir einstaklingsbundið mat sem skólum er skylt að lögum að láta fara fram í öllum málum.

Viðbrögð skóla þurfa að lágmarki að fjalla um eftirfarandi skref:

### Upphaf

#### Fyrstu viðbrögð

#### Greining á aðstæðum

#### Aðgerðir skóla

#### Eftirfylgni

Í kafla 2 eru tiltekin dæmi um atriði sem ferill viðbragða við EKKO málum nemenda þarf m.a. að ná til.

## 1.6 Skráning og vistun upplýsinga

Í viðbragðsáætlunum framhaldsskóla er mikilvægt að fjalla um hvernig upplýsingum er safnað. Viðbrögð við EKKO málum nemenda verða aldrei fullnægjandi nema með góðri umgjörð um skráningu og vistun upplýsinga, ekki síst ef málin leiða til þess að taka þarf íþyngjandi ákvarðanir gagnvart nemendum.

Skilgreina þarf ábyrgð EKKO teymis eða EKKO fulltrúa við að halda utan um skráningu upplýsinga og varðveislu þeirra. Meðal þess sem fjalla þarf um í viðbragðsáætlun er hvernig haga skuli skráningu á því sem kemur fram í greiningarsamtölum.<sup>11</sup> Þá þarf að fjalla um hvernig halda á utan um samskipti og önnur gögn sem verða til í málinu, þ.m.t. samskipti við lögreglu og barnavernd, skráningu ferla og tímalínu málsins og helstu forsendur þess að mál eru lögð í tiltekinn farveg, t.d. í formi fundargerða EKKO teymis.<sup>12</sup>

Þá þarf undirbúningur viðbragðsáætlunar að tryggja fullnægjandi umgjörð utan um þessar upplýsingar. Á starfsfólki framhaldsskóla hvílir þagnarskylda og eingöngu þeir starfsmenn sem koma að vinnslu málsins og þurfa að skoða gögn eiga að hafa aðgang að þeim<sup>13</sup> enda fela upplýsingar um EKKO mál oft í sér viðkvæmar persónuupplýsingar og upplýsingar um refsiverða háttsemi sem

<sup>11</sup> 2. mgr. 27. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012, <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012140.html>, sbr. og 1. mgr. 2. gr. og 3. gr. sömu laga.

<sup>12</sup> 1. mgr. 27. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012, sbr. og 1. mgr. 2. gr. og 3. gr. sömu laga.

<sup>13</sup> X. kafli stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018, <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2018090.html>.

sérstök skilyrði gilda um hvernig er unnið með.<sup>14</sup> Varðveita á þessi gögn á stað sem er aðgangsstýrður þannig að það sé öruggt að óviðkomandi aðilar hafa ekki aðgang að þeim.<sup>15</sup> Þetta getur verið öruggur og aðgangsstýrður staður í rafrænu skjalasafni eða læstur skápur þar sem viðkvæm skjöl eru varðveitt. Þegar gögn hafa verið varðveitt í skjalasöfnum framhaldsskóla í tiltekinn tíma eru þau, eins og önnur gögn skólans, afhent Þjóðskjalasafni Íslands til varðveislu ásamt öðrum gögnum skóla.<sup>16</sup>

## 1.7 Upplýsingamiðlun

Mikilvægt er að nemendur fái upplýsingar um stefnur og viðbrögð framhaldsskóla við EKKO málum. Mælt er með því að viðbragðsáætlun sé aðgengileg á heimasíðu skólans og að framhaldsskólar veiti nemendum og starfsfólki reglubundna fræðslu um hana. Þá er mælt með því að framhaldsskólar hugi sérstaklega að aðgengi nemenda að því að segja frá EKKO málum. Mælt er með því að upplýsingar um EKKO fulltrúa eða EKKO teymi séu aðgengilegar innan skóla og að nemendur geti haft beint samband þangað, til dæmis með tölvupósti eða tilkynningahnappi á heimasíðu. Þá er mælt með því að innan skólans sé rými þar sem nemendur geta átt samtali við starfsfólk skóla án truflunar.

---

<sup>14</sup> Sjá m.a. ákvæði 11. og 12. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018.

<sup>15</sup> Sjá m.a. 27. gr. upplýsingalaga, nr. 140/2012 og IV. kafla laga um opinber skjalasöfn, nr. 77/2017, <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2014077.html>

<sup>16</sup> IV. kafli laga um opinber skjalasöfn nr. 77/2014, sbr. 3. og 6. tölul. 14. gr. sömu laga.

## 2. Dæmi um feril viðbragða við EKKO málum

### 2.1 Upphaf

#### 2.1.1 Nemandi segir frá broti

Þegar nemandi segir framhaldsskóla frá broti, sem hann hefur orðið fyrir, er líklegt að hann velji að tala við einhvern sem hann treystir. Allt starfsfólk framhaldsskóla getur verið í því hlutverki að taka á móti fyrstu frásögn nemanda af broti.<sup>17</sup> Fyrsta samtal snýst um að vera til staðar fyrir nemanda sem segir frá broti, hlusta, greina upplýsingar og veita leiðbeiningar um næstu skref. Á þessu stigi er ekki verkefni starfsmanns að afla upplýsinga um alla málavexti heldur leggja áherslu á að fá fram nægar upplýsingar svo hægt að sé að átta sig á mögulegum farvegi málsins og veita leiðbeiningar um næstu skref.

#### Um upplifun nemanda af því að segja frá broti

Það getur krafist mikils að segja frá EKKO máli. Starfsfólk þarf að leggja sig fram um fyrstu viðbrögð gagnvart nemanda séu hlý, styðjandi og skýr. Nemandi á hvorki að upplifa að hann valdi skóla vanda við að upplýsa um EKKO mál né að hann hafi gert eitthvað rangt við að segja frá.

Brýnt er að nemendur upplifi að mál þeirra verði tekið alvarlega, að skólinn geri það sem hægt er að gera til að styðja nemendur og tryggja öryggi þeirra.

Ef um er að ræða barn skal strax í upphafi upplýsa nemandann um tilkynningaskyldu til barnaverndar, sjá kafla 2.2.2. Gott er að ræða samhliða hvaða stuðning barnaverndarþjónusta getur veitt og að megintilgangur tilkynningar sé að koma málinu í réttan farveg hjá barnavernd og veita málsaðilum viðeigandi stuðning og þjónustu. Upplýsa þarf nemanda um upplýsingaskyldu starfsfólks gagnvart lögreglu, sjá kafla 2.2.3, og leiðbeina um kæruleið og feril mála innan réttarvörslukerfisins svo nemandinn geti tekið ígrundaða afstöðu um hvort hann vilji óska eftir rannsókn lögreglu. Ef um er að ræða barn á jafnframt að upplýsa það um aðkomu forsjáradila að máli, sjá kafla

2.2.1. og um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, þar á meðal um þjónustu tengiliðar innan framhaldsskólans, sjá kafla 2.2.4.

Þá þarf að upplýsa nemanda um næstu skref innan skóla. Gera þarf nemanda grein fyrir viðbragðsáætlun vegna EKKO mála, þ.m.t. hlutverkum EKKO teymis eða EKKO fulltrúa. Þá getur starfsmaður upplýst nemandann um stuðningsúrræði sem eru í boði í skólanum fyrir nemendur óháð því hvort málið er lagt í formlegan farveg EKKO máls.

Mikilvægt er að hafa í huga í fyrsta samtali að nemandi sem segir frá broti hafi stjórn á því hvort málið verði lagt í formlegan farveg viðbragðsáætlunar EKKO máls.

Ef nemandi óskar eftir því að starfsmaður komi málinu áfram í formlegan EKKO farveg kemur starfsmaður upplýsingunum áfram til EKKO fulltrúa eða EKKO teymis.

Ef nemandi segir starfsmanni frá broti og óskar eftir fullum trúnaði á starfsfólk að hlusta eftir ástæðum þess að nemandinn vill ekki að sagt sé frá málinu. Almennt á að virða slíka ósk um trúnað á sama tíma og nemandanum er gerð grein fyrir lagalegum skyldum starfsfólks, t.d. til að upplýsa forsjáraðila og barnavernd ef um er að ræða barn. Starfsfólk skal þá leggja áherslu á að leiðbeina nemanda um stuðning sem kann að vera í boði fyrir hann.

Í einhverjum tilvikum getur verið viðeigandi að nemandinn fái svigrúm til að ákveða næstu skref og þá getur starfsmaður skóla t.d. lagt til að samtalinu verði framhaldið næsta dag. Í þeim tilvikum ber starfsmaður skóla ábyrgð á því að slíkt framhaldssamtal fari fram.

Í lok samtals er gott að draga saman niðurstöðu þess. Eftir samtalið skráir starfsmaður sem tekur við frásögn nemanda af EKKO máli stutta samantekt af fundinum. Skrá þarf hvenær samtal fór fram, hverjir tóku þátt í samtalinu, helstu atriði sem komu fram og hver var niðurstaðan um næstu skref. Ekki þarf að skrá nákvæmlega þau atvik sem nemandinn segir frá enda er gert ráð fyrir öðru samtali ef nemandi kys að leggja mál í formlegan farveg EKKO máls. EKKO fulltrúi eða EKKO teymi fær svo aðgang að frásögnum sem fara í formlegan farveg.

### 2.1.2 Ábending eða grunur um EKKO mál

Starfsfólk skóla getur fengið upplýsingar um möguleg EKKO mál frá ýmsum aðilum. Stundum koma ábendingar frá vinum eða samnemendum þolanda eða starfsfólk heyrir eða sér eitthvað sem gefur til kynna að nemandi hafi orðið fyrir broti.

EKKO mál hefst á forsendum þess sem upplifir að brotið hafi verið á sér. Ábending frá öðrum en þolanda sjálfum eða grunur um ofbeldi getur ekki verið upphaf EKKO máls.



Þetta þýðir þó ekki að starfsfólk skóla eigi að leiða hjá sér ábendingar eða grun um ofbeldi. Mikilvægt er að starfsfólk sé vakandi fyrir slíkum upplýsingum, eins og öðrum einkennum um vanlíðan nemenda, t.d. breyttri hegðun eða auknum fjarvistum. Þegar slíkar upplýsingar koma fram á starfsfólk skóla að setja sig í samband við nemanda og eftir atvikum forsjáraðila hans. Slíkt samtal fer fram á almennum nótum með það að markmiði að styðja við líðan nemandans með áherslu á að veita upplýsingar um stuðning. Ef samtalið þróast með þeim hætti er t.d. hægt að veita nemanda leiðbeiningar um viðbragðsáætlun vegna EKKO mála, eins og nánar er fjallað um í kafla 2.1.1., eða upplýsingar um annan stuðning eins og rétt til samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna og möguleikann á að virkja tengilið fyrir barnið, sjá kafla 2.2.4.

Almennt er ekki ástæða til að skrá það sem fer fram í slíkum samtölum að öðru leyti en sem leiðir af öðrum reglum, t.d. um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Rétt er að árétta að í alvarlegum tilvikum, t.d. þegar nemandinn sem brotið beinist að er barn að aldri, skal hafa samband við barnaverndarþjónustu og/eða lögreglu vegna ábendinga og gruns um ofbeldi, eins og nánar er fjallað um í köflum 2.2.2. og 2.2.3.

## 2.2 Fyrstu viðbrögð

### 2.2.1 Foreldrar og aðrir forsjáraðilar

Forsjáraðilar fara með lögformlegt fyrirvar barns og taka þátt í meðferð mála barna sinna hjá stjórnvöldum. Börn njóta líka réttar til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og að ákvarðanir taki mið af því sem er barni fyrir bestu. Starfsfólk skóla sem fær upplýsingar frá nemanda sem segir frá EKKO máli og er barn að aldri, þarf því að kanna afstöðu barnsins til aðkomu forsjáraðila að EKKO málinu.

Almenna reglan er að forsjáraðilar eru alltaf upplýstir um EKKO mál sem tengjast börnum þeirra, hvort sem þau eru talin hafa orðið fyrir broti eða valdið því. EKKO fulltrúi eða sá sem ber ábyrgð á samskiptum við foreldra eða forsjáraðila í EKKO teymi gætir þá að því að þeir séu upplýstir við upphaf máls.

Ekki skal taka skref í málum, t.d. hefja EKKO mál, áður en forsjáraðilar hafa verið upplýstir.

Það sem getur réttlætt að forsjáraðilar séu ekki upplýstir strax um málið er þegar barn greinir frá aðstæðum þar sem forsjáraðili á í hlut, t.d. ef forsjáraðili er meintur gerandi í máli. Í þeim tilvikum er rétt að beina tilkynningu fyrst til barnaverndarþjónustu, eins og er fjallað um í kafla 2.2.2. og leita þar ráða um hvernig haga eigi næstu skrefum gagnvart forsjáraðila.

Rétt er að skóli varðveiti upplýsingar um fyrstu samskipti við forsjáraðila í tengslum við EKKO mál, með því að vista tölvupóstsamskipti og/eða skrá upplýsingar um munnleg samskipti.

## 2.2.2 Barnaverndarþjónusta

### Um tilkynningarskyldu og upplýsingaskyldu gagnvart barnaverndarþjónustu

Öllum er skylt að tilkynna til barnaverndarþjónustu ef þeir hafa ástæðu til að ætla að barn verði fyrir ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi. Sama regla á við ef ástæða er til að ætla að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður.<sup>18</sup> Þá bera þeir sem hafa afskipti af börnum, eins og starfsfólk skóla, sérstaka skyldu til að fylgjast með og gera barnavernd viðvart sé ástæða til.<sup>19</sup>

Mikilvægt er að undirstrika að tilkynningaskylda starfsfólks framhaldsskóla til barnaverndarþjónustu er ekki valkvæð. Skyldan gengur framur ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta. Hún gengur líka framur loforði um trúnað í samtölum. Starfsfólk skóla er í lykilaðstöðu til að meta hvort ástand, líðan og umönnun barns sé þannig háttáð að tilkynna eigi um það til barnaverndar. Starfsfólk skóla ætti því reglulega að vera í þeirri stöðu að taka afstöðu til þess hvort rétt sé að tilkynna aðstæður barns til barnaverndarþjónustu. Betra er að tilkynna of oft en of sjaldan.

Barnaverndarþjónusta metur framhald málsins.

Þegar sá sem tilkynnir til barnaverndarþjónustu er starfsmaður skóla getur viðkomandi ekki notið nafnleyndar við meðferð málsins.<sup>20</sup> Það getur verið til hægðarauka að stjórnandi í skólanum, EKKO fulltrúi eða ákveðinn starfsmaður innan EKKO teymis hafi það hlutverk í viðbragðsáætlun að tilkynna til barnaverndar í nafni skóla. Þó má hafa í huga að slíkir ferlar leysa ekki annað starfsfólk skóla undan því að þurfa að hugsa um tilkynningaskylduna enda hvílir hún samkvæmt lögum persónulega á hverjum starfsmanni.

Á vefsíðu Barna- og fjölskyldustofu eru verklagsreglur um tilkynningarskyldu starfsfólks leik-, grunn- og framhaldsskóla til barnaverndar.<sup>21</sup>

Sé starfsmaður skóla óviss um hvort ástæða sé til tilkynningar getur hann sótt ráðgjöf, t.d. hjá barnaverndarþjónustu viðkomandi sveitarfélags eða Barna- og fjölskyldustofu. Ráðgjöfin getur verið nafnlaus og jafngildir ekki tilkynningu.

---

<sup>18</sup> 16. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2002080.html>

<sup>19</sup> 17. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002.

<sup>20</sup> 19. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002.

<sup>21</sup> Sjá hér: <https://www.bofs.is/media/almennigur/Verklagsreglur-um-tilkynningaskyldu-starfsmanna-leik-og-grunnskola-2022.pdf>.

**Hvernig á að tilkynna?**

Hægt er að ná sambandi við barnaverndarþjónustu í síma á dagvinnutíma eða í síma 112 og á netspjalli 112.is allan sólahringinn.

Einnig er hægt að tilkynna skriflega til barnaverndarþjónustu. Tilkynningum er beint til barnaverndarþjónustu þar sem barnið er með lögheimili. Upplýsingar um barnaverndarþjónustur eftir sveitarfélögum eru á heimasíðu Barna- og fjölskyldustofu.<sup>22</sup>

**Hvað á að tilkynna?**

Allar tegundir ofbeldis gegn barni, hvort sem það er kynferðislegt, líkamlegt eða andlegt, geta varðað við barnaverndarlög. Birtingarmynd ofbeldis innan skóla gefur ekki alltaf bestu myndina af alvarleika atvika. Þá er mikilvægt að hafa í huga að ef barn beitir ofbeldi, hvort sem það er kynferðislegt ofbeldi eða annað, felur það í sér áhættuhegðun viðkomandi barns sem ber að tilkynna til barnaverndar.

Hér á eftir eru dæmi um atvik sem tengjast EKKO málum sem rétt er að tilkynna til barnaverndarþjónustu:

**Nemandi segir frá:**

að hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni/ofbeldi af hálfu starfsmanns skóla.

að hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni/ofbeldi af hálfu annars nemanda skólans.

að hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni/ofbeldi af hálfu nemanda í öðrum skóla.

að hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni/ofbeldi af hálfu aðila utan skóla, þar með talið innan eigin fjölskyldu.

að hafa beitt annan nemanda í skólanum kynferðislegri áreitni/ofbeldi.

að hafa beitt kynferðislegri áreitni/ofbeldi utan skóla.

**Nemandi/nemendur upplýsa:**

að annar nemandi innan skólans hafi beitt kynferðislegri áreitni/ofbeldi

að annar nemandi innan skólans hafi orðið fyrir kynferðislegri áreitni/ofbeldi

**Kennari upplýsir:**

að hann hafi heyrt af kynferðislegri áreitni/ofbeldi milli nemanda

að hann hafi heyrt af því að nemandi hafi beitt kynferðislegri áreitni/ofbeldi

<sup>22</sup> <https://www.bofs.is/radgjof-og-upplýsingar/listi-yfir-barnaverndarnefndir/>

að hann hafi heyrt af því að nemandi hafi orðið fyrir kynferðislegri áreitni/ofbeldi af hálfu aðila utan skóla, þar með talið innan fjölskyldu nemanda

Tilkynningar til barnaverndar eru vistaðar í málaskráum viðkomandi barnaverndarþjónustu. Til að tryggja yfirsýn yfir málið er gagnlegt fyrir EKKO fulltrúa eða EKKO teymi að varðveita jafnframt upplýsingar um samskipti við barnaverndarþjónustu.

### Hvað gerir barnaverndarþjónusta?

Ef starfsfólk skóla hefur sent tilkynningu ber barnaverndarþjónusta að staðfesta við skóla að tilkynning hafi borist og gefa almennar upplýsingar um málsmeðferð vegna tilkynningarinnar.

Þegar tilkynning hefur borist barnaverndarþjónustu hefur hún sjö virka daga til að taka ákvörðun um hvort könnun máls hefjist. Barnavernd ber að upplýsa forsjáraðila um að tilkynning hafi borist og um ákvörðun sína í tilefni af henni innan viku frá því að ákvörðun um að hefja könnun máls er tekin. Gott er fyrir skóla að hafa í huga að heimilt er að fresta því að upplýsa forsjáraðila um tilkynningu ef það skaðar rannsókn málsins.

Barnaverndarþjónusta getur aflað frekari upplýsinga frá starfsfólki skóla sem hefur tilkynnt málið. Þetta getur verið gert á svokölluðum tilkynningafundum eða með öðrum hætti. Barnaverndarþjónusta getur enn fremur skoðað eldri gögn hjá sér til að byggja ákvörðun sína á hvort hefja skal könnun máls.

Eins og fjallað er um í kafla 2.2.2. er mikilvægt að starfsfólk skóla ræði ekki ítarlega við nemanda um atburðarrás atviks/atvika heldur hafi strax samband við barnavernd. Er þetta gert til að gæta rannsóknarhagsmuna.

Þegar ákvörðun hefur verið tekin um könnun máls er það hlutverk barnaverndarstarfsmanna að kanna málið og ræða við barnið eftir þeim reglum sem um það gilda. Ef barn hefur orðið fyrir ofbeldi skiptir máli að fagfólk ræði um ofbeldi við barnið. Barnaverndarþjónusta hefur aðgang að fagfólki í Barnahúsi.

Það að tilkynna mál til barnaverndar þýðir ekki að málið fari í formlegt könnunarferli hjá barnavernd. Ekki má hefja könnun máls nema rökstuddur grunur liggi fyrir um að ástæða sé til þess.

Meðferð barnaverndarþjónustu á máli getur tekið langan tíma allt eftir umfangi og eðli mála. Viðbragðsáætlanir skóla geta því ekki gert ráð fyrir því að beðið sé eftir niðurstöðu frá barnavernd áður en gripið er til viðbragða enda þurfa viðbrögð skóla við EKKO málum og viðbrögð barnaverndarþjónustu ekki að haldast í hendur.

## 2.2.3 Lögregla

### Ferill mála í réttarvörslukerfinu

Þegar upp koma EKKO mál hjá nemendum þarf starfsfólk skóla að vera meðvitað um feril mála hjá lögreglu og dómstólum, og geta eftir atvikum leiðbeint nemanda. Ef nemandi sem segir frá broti kýs að kæra til lögreglu fer það mál hefðbundna leið í gegn um réttarvörslukerfið. Hægt er að kynna sér leiðarvísi um réttarvörslukerfið á [112.is](https://www.112.is).<sup>23</sup>

Þótt mál berist til lögreglu leiðir það ekki sjálfkrafa til þess að rannsókn máls hefjist, þó svo að kærð mál fari oftast í rannsókn. Rannsókn máls hjá lögreglu leiðir heldur ekki sjálfkrafa til þess að gefin sé út ákæra af hendi ákærvalds og að málið fari fyrir dóm né að mál leiði til að sakfellingar. Mikilvægt er að hafa í huga að þótt mál leiði ekki til ákæru eða sakfellingar þýðir það ekki að atvik hafi ekki átt sér stað sem framhaldsskólar eiga að bregðast við.

Hjálplegt getur verið að styðja nemanda sem sagt hefur frá broti í að skilja á milli meðferðar máls í réttarvörslukerfinu og stuðnings við að vinna úr málinu. Stuðningur við nemandann getur átt sér stað innan skólasamfélagsins óháð því hvort málið er til meðferðar í réttarvörslukerfinu eða hvar það er statt, sjá umfjöllun í fjórða kafla.

### Ábyrgð skóla gagnvart lögreglu

Framhaldsskólar hafa skyldur gagnvart lögreglu þegar kemur að EKKO málum. Þeim ber skylda til að koma í veg fyrir brot þar sem lífi eða velferð fólks er búin hættu af, þar á meðal með því að tilkynna yfirvöldum vitneskju sína, að því gefnu að það stofni ekki lífi, heilbrigði eða velferð viðkomandi eða nánustu vandamanna í hættu.<sup>24</sup>

#### Ef grunur er um eða víska er til staðar um eftirfarandi í skólasamfélaginu skal það tilkynnt til lögreglu:

Kynferðislegt ofbeldi og/eða líkamsárás þar sem þolandi verður fyrir alvarlegum meiðslum eða með hættulegri aðferð. Alvarleg meiðsli teljast t.d. beinbrot, tannáverkar, höfuðmeiðsli og augnáverkar. Hættuleg aðferð telst t.d. þrenging að öndunarvegi, spark í höfuð eða beiting/ógn með vopni.

Ekki þarf að leggja fram formlega kæru eða tilkynningu til lögreglu til að fá ráðleggingar. EKKO fulltrúar eða starfsfólk sem ber ábyrgð á samskiptum við

<sup>23</sup> Sjá hér: <https://www.112.is/rettarvorslukerfid-leidarvisir>

<sup>24</sup> Sjá 126. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1940019.html>

Lögreglu í EKKO teymi framhaldsskóla ættu frekar oft en sjaldnar að hafa samband við lögreglu til að viðra mál og fá ráðleggingar um möguleg næstu skref. Símanúmerið 112 gefur samband við lögregluna. Einnig er hægt að hafa beint samband við lögregluembætti í hverjum landshluta. Upplýsingar um samskipti við lögreglu eru varðveittar hjá lögreglu. Til að tryggja yfirsýn yfir málið er mikilvægt fyrir EKKO fulltrúa eða EKKO teymi að varðveita jafnframt upplýsingar um samskipti við lögreglu.

#### 2.2.4 Samþætting þjónustu í þágu farsældar barna

Samkvæmt farsældarlögum<sup>25</sup> eiga öll börn í framhaldsskóla rétt á aðgangi að tengilið þjónustu í þágu farsældar barna. Starfsfólk framhaldsskóla á að vita hvaða starfsmenn skóla eru tengiliðir og vísa nemendum þangað ef þeir þurfa þjónustu.

Bæði nemandi sem verður fyrir broti og nemandi sem fremur brot geta leitað til tengiliðar. Tengiliður getur veitt þeim upplýsingar um þjónustu sem er í boði og aðstoðað við að fá aðgengi að viðeigandi þjónustu eftir þörfum.

Ef nemandi sem verður fyrir broti og nemandi sem fremur brot vill að tengiliður geti talað við aðra innan og utan skólans til að samþætta þjónustu þarf nemandi og/eða forsjáraðilar að leggja fram beiðni um samþættingu þjónustu. Þegar beiðni liggur fyrir getur tengiliður til dæmis aflað upplýsinga um viðkomandi einstakling frá öðrum aðilum, t.d. heilbrigðiskerfinu og barnavernd, til að tryggja samhæfingu og samþættingu þjónustu. Þetta getur til dæmis átt við ef aðlaga þarf námsfyrirkomulag fyrir nemanda sem segir frá broti.

Ef starfsfólk skóla telur að nemandi sem hefur orðið fyrir broti eða nemandi sem kann að hafa framið brot þurfi fjölþætta þjónustu á öðru eða þriðja stigi<sup>26</sup> til lengri tíma getur það aðstoðað barnið og/eða forsjáraðila þess við að óska eftir málstjóra fyrir barnið. Ósk um málstjóra er beint til félagsþjónustu sveitarfélagsins þar sem barnið á lögheimili. Ef málstjóri er tilnefndur fyrir barnið myndar hann stuðningsteymi utan um barnið, þar sem fulltrúi eða fulltrúar frá skólanum sitja. Stuðningsteymið vinnur meðal annars stuðningsáætlun en þar er haldið utan um öll úrræði sem barnið fær á tilgreindum tíma, t.d. innan skóla, heilbrigðiskerfisins, barnaverndar- og félagsþjónustu.

---

<sup>25</sup> 17. gr. laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, nr. 86/2021, <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2021086.html>

<sup>26</sup> Öðru stigi þjónustu í þágu farsældar barna tilheyra úrræði þar sem veittur er einstaklingsbundinn og markviss stuðningur með það að markmiði að tryggja farsæld barns. Þriðja stigi þjónustu í þágu farsældar barna tilheyra úrræði þar sem veittur er einstaklingsbundinn og sérhæfður stuðningur með það að markmiði að tryggja að farsæld barns verði ekki hætta búin.

Sérstakar reglur gilda um vinnslu og varðveislu upplýsinga innan farsældarlaganna. Frekari upplýsingar um þær á finna á vefsíðunni farseldbarna.is.<sup>27</sup>

## 2.3 Greining á aðstæðum

### 2.3.1 Stöðumat við upphaf greiningar

Þegar búið er að ganga úr skugga um að þeir utanaðkomandi aðilar sem koma eiga að EKKO málum á fyrstu stigum hafi verið upplýstir um málið þarf að stíga fyrstu skrefin í málinu innan skóla. Þau felast í því í meta og greina aðstæður.

Við upphaf greiningarinnar þarf að fara fram stöðumat EKKO fulltrúa eða EKKO teymis á því hvort grípa þurfi til sérstakra aðgerða án tafar. Þetta geta verið tímabundnar aðgerðir skóla gagnvart nemendum, t.d. tímabundnar breytingar á námsfyrirkomulagi. Þá kann að vera heimilt að vísa nemanda tímabundið frá skóla á meðan greining á aðstæðum fer fram. Tímabundin brottvísun gagnvart nemanda felur í sér íþyngjandi ákvörðun eins og nánar er fjallað um í kafla 3.2.

Þá getur þurft að taka strax afstöðu til viðbragða gagnvart skólasamfélaginu. Þetta getur sérstaklega átt við ef mál hafa komist í háamæli innan skóla. Slík viðbrögð geta falið í sér ýmsar forvarna- og/eða fræðsluáðgerðir, til dæmis kynningu á viðbragðsáætlun vegna EKKO mála eða áhrifum ofbeldis.

Við þessar aðstæður kann líka að vera tilefni til að kanna hvort ástæða sé til að leita utanaðkomandi ráðgjafar, t.d. frá landsteymi um farsæld barna, sjá yfirlit yfir stuðningsúrræði í kafla 4.

### 2.3.2 Upplýsingaöflun

#### Samtal við nemanda sem segir frá broti

Fyrsta skrefið í greiningu á aðstæðum í EKKO máli er samtal við nemandann sem sagði frá broti og eftir atvikum forsjáraðila hans sem EKKO fulltrúi eða starfsmaður í EKKO teymi tekur. Markmið samtalsins er að afla upplýsinga fyrir næstu skref í málinu, þar á meðal fá upplýsingar um atvikið sem málið fjallar um og upplýsingar um stuðningsþarfir nemandans.

---

<sup>27</sup> farseldbarna.is

**Gott að hafa í huga í samtali við nemanda sem segir frá broti:**

- Sýna virðingu og viðurkenna að það krefst hugrekks að segja frá EKKO máli.
- Reyna að átta sig á meginatriðum málsins án þess að spyrja ítarlegra og/eða leiðandi spurninga. Leitast þarf við að fá upplýsingar um eftirfarandi:
  - Hver er atburðurinn (hafa í huga skilgreiningu á því hvað er EKKO mál)? Hvar átti atburðurinn sér stað og hvenær? Hver eða hverjir komu að málinu? Eru til gögn um málið?
  - Er nemandinn sem framdi brotið í skólanum? Eiga nemandinn sem segir frá og nemandinn sem framdi brotið sér snertifleti í skólanum? Hverjar eru væntingar nemandans sem segir frá broti til samskipta þeirra?
  - Hvernig er líðan nemandans sem segir frá? Hverjar telur hann vera stuðningsþarfir sínar, er þeim að einhverju leyti mætt af skóla eða utan skóla? Hverjar eru væntingar hans til næstu skrefa skólans í málinu? Eru til gögn um stuðningsþarfir nemandans?
- Leiðbeina um næstu skref innan skóla, málsmeðferð og hvert er hægt að leita um stuðning innan skóla og eftir atvikum utan hans.

Skýrt þarf að koma fram í samtölum við nemanda sem segir frá broti að þegar mál er lagt í formlegan farveg EKKO máls er rætt við nemandann sem talið er að hafi framið brotið og eftir atvikum gripið til aðgerða gagnvart honum.

Ef nemandi sem segir frá broti vill ekki að skóli bregðist við með þeim hætti er ekki ástæða til að halda áfram með formlegt EKKO viðbragð innan skóla. Í þeim tilvikum þarf þó að kanna hvort annars konar stuðningsúrræði henta nemandanum og hvort ástæða er til að grípa til almennra aðgerða gagnvart skólasamfélaginu.

**Samtal við nemanda sem er sagður hafa framið brot**

Í kjölfar samtals við nemanda sem segist hafa orðið fyrir broti tekur EKKO fulltrúi eða starfsmaður í EKKO teymi samtal við nemandann sem er sagður hafa framið brotið. Þegar hann er boðaður til samtalsins þarf að gæta þess að veita nægar upplýsingar um málið svo nemandinn geti áttað sig á stöðu sinni gefa honum tækifæri til að taka með sér foreldri, forsjáraðila eða einhvern annan sem hann treystir. Ef nemandinn er barn þarf alltaf að upplýsa forsjáraðila um samtalið áður en það fer fram.

Í samtali við nemanda sem er sagður hafa framið brot skal áhersla skóla vera á að upplýsa um hvort til staðar séu atvik sem kalla á viðbrögð skóla gagnvart honum annaðhvort sem viðurlög við brotinu eða vegna öryggis skólaumhverfisins.



Viðbrögð skóla við EKKO málum eiga ekki að fela í sér sakfellingu um refsiverða háttsemi. Þáttur í réttlátri málsmeðferð er að þeim sem er gefið að sök refsiverð háttsemi sé óskýlt að tjá sig eða láta í té upplýsingar sem geta leitt til sakfellingar hans.<sup>28</sup> Starfsfólk skóla verður að hafa þetta í huga í samtölum við nemanda sem sagður er hafa framið brot sem annaðhvort eru til rannsóknar hjá lögreglu eða eru af þeim alvarleika að þau geta farið þangað til meðferðar.

Ekki á að spyrja meintan geranda leiðandi spurninga um atvik sem geta verið af þeim alvarleika að þau séu refsiverð. Áhersla skóla á að vera á hvort háttsemi nemandans geti leitt til aðgerða eða viðurlaga gagnvart honum innan skóla og upplýsa lögreglu um mögulega refsiverða háttsemi, sjá kafla 2.2.3.

#### **Gott að hafa í huga í samtali við nemanda sem er sagður hafa framið brot:**

- Sýna virðingu og viðurkenna að það geta verið fleiri en ein hlið á öllum málum.
- Reyna að átta sig á meginatriðum málsins án þess að spyrja ítarlegra og/eða leiðandi spurninga og án þess að reyna að fá fram játningu á refsiverðri háttsemi. Leitast þarf við að fá upplýsingar um eftirfarandi:
  - Kannast nemandinn sem er sagður hafa framið brot við atburðinn eins og nemandinn sem sagði frá broti lýsti honum? Ef ekki, hvaða þættir telur hann að hafi verið öðruvísi? Eru til gögn um málið?
  - Eiga nemandinn sem segir frá og nemandinn sem framdi brotið sér snertifleti í skólanum? Hverjar eru væntingar nemandans sem er sagður hafa framið brot til samskipta þeirra?
  - Hvernig er líðan nemandans sem er sagður hafa valdið broti? Hverjar telur hann vera stuðningsþarfir sínar, er þeim að einhverju leyti mætt af skóla eða utan skóla? Hverjar eru væntingar hans til næstu skrefa skólans í málinu? Eru til gögn um stuðningsþarfir nemandans?
- Leiðbeina um næstu skref innan skóla, málsmeðferð og hvert er hægt að leita um stuðning innan skóla og eftir atvikum utan hans.

---

<sup>28</sup> Mannréttindadómstóll Evrópu hefur talið í dómum sínum að það sé ekki bara lögreglu og réttarvörslukerfinu sem ber skylda til að virða þennan rétt heldur nær skyldan jafnframt til annarra stjórnvalda, sjá Páll Hreinsson: *Stjórnsýsluréttur málsmeðferð*, bls. 496-497.

**Að leiða aðila saman**

Almennt er farsælast að framhaldsskólar nálgist ekki EKKO málið sem einn viðburð eða eitt mál heldur horfi á málið út frá nemandanum sem segir frá broti annars vegar og nemanda sem er sagður hafa framið brotið hins vegar. Þetta á við um upplýsingaöflun og úrræði sem gripið er til í kjölfar niðurstöðu.

Ekki er mælt með því að skóli leiði þolanda og meintan geranda saman enda hefur starfsfólk framhaldsskóla almennt ekki þekkingu til að styðja við slíka fundi með fullnægjandi hætti. Alltaf er hægt að benda á utanaðkomandi fagaðila sem geta séð um slíka fundi ef nemendur og/eða forsjáraðilar óska eftir því.

**Samtöl við aðra nemendur og starfsfólk**

Tilvist EKKO máls nemenda eru upplýsingar sem varða mikilvæga einkahagsmuni þeirra sem eru aðilar að málinu. Í langflestum tilvikum er um að ræða viðkvæmar persónuupplýsingar sem ekki er rétt að deila með öðrum en þeim sem hafa skilgreindum hlutverkum að gegna í viðbragðsáætluninni nema að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Nánar er fjallað um þessar reglur í kafla 2.3.3.

Af þessu leiðir að það er í undantekningartilvikum sem kann að vera ástæða til að eiga samtöl við aðra en nemandann sem segir frá broti og nemandann sem er sagður hafa valdið brotinu og þá eingöngu um ákveðna þætti málsins.

Ef nemendur og starfsfólk vita af EKKO máli og vilja veita upplýsingar um málið skal þess gætt að nálgast þá af virðingu. Markmiðið á alltaf að vera að safna réttum upplýsingum.

**2.3.3 Upplýsingagjöf**

Eftir því sem vinnslu máls vindur fram þarf að huga að upplýsingagjöf til helstu aðila sem koma að EKKO málum. EKKO fulltrúi eða ákveðnir aðilar í EKKO teymi taka ábyrgð á upplýsingagjöf.

Þegar upplýsingum er miðlað til utanaðkomandi aðila þarf ávallt að gæta þess að ekki sé miðlað upplýsingum umfram heimildir. Hér á eftir fer stutt yfirlit yfir hvernig haga skal upplýsingagjöf gagnvart mismunandi aðilum:

Nemandi sem segir frá broti	<p>Almenna reglan er að nemandi sem segir frá broti á rétt á öllum upplýsingum sem tilheyra máli hans hjá skólanum. Þetta á þó ekki við ef þar eru upplýsinga um einkamálefni annarra, t.d. nemandans sem er sagður hafa brotið á honum, og að hagsmunir sem mæla með því að upplýsingum sé haldið leyndum vegi þyngra en hagsmunir þess sem fer fram á aðgang að gögnum.<sup>29</sup> Þó má veita upplýsingar ef sá sem upplýsingarnar fjalla um hefur gefið samþykki sitt eða gert upplýsingarnar opinberar.<sup>30</sup> Aldrei ætti að þrýsta á nemanda að gefa slíkt samþykki.</p>
Nemandi sem er sagður hafa framið brot	<p>Almenna reglan er að nemandi sem er sagður hafa framið brot á rétt á öllum upplýsingum sem tilheyra máli hans hjá skólanum. Þetta á þó ekki við ef þar eru upplýsingar um einkamálefni annarra, t.d. nemandans sem sagði frá broti, og ef hagsmunir sem mæla með því að upplýsingum sé haldið leyndum vegi þyngra en hagsmunir þess sem fer fram á aðgang að gögnum.<sup>31</sup> Þó má veita upplýsingar ef sá sem upplýsingarnar fjalla um, t.d. nemandi sem sagði frá broti, hefur gefið samþykki sitt eða gert upplýsingarnar opinberar.<sup>32</sup> Aldrei ætti að þrýsta á nemanda að gefa slíkt samþykki.</p>
Foreldrar og/eða forsjáraðilar barna	<p>Forsjáraðilar barna eiga rétt á öllum sömu upplýsingum og barn þeirra. Ef barnið greinir frá einhverjum sérstökum aðstæðum sem gætu réttlætt að forsjáraðilar fái ekki upplýsingar um mál, t.d. ef forsjáraðili er meintur gerandi í máli, skal skóli leita til barnaverndarþjónustu áður en upplýsingar eru veittar.</p>
Foreldrar fullorðinna einstaklinga, aðstandendur og aðrir	<p>Almennt eiga foreldrar fullorðinna einstaklinga og aðrir aðstandendur ekki meiri rétt en almenningur til að fá upplýsingar um EKKO mál. Þó geta nemendur sem koma að málinu alltaf óskað eftir því að hafa utanaðkomandi aðila, t.d. aðstandanda, með á fundum eða viðtölum.</p> <p>Þeim sem koma að málinu er líka alltaf heimilt að láta einhvern koma fram fyrir sína hönd á grundvelli umboðs. Slíkur einstaklingur er kallaður umboðsmaður og getur verið hvaða fullorðinn einstaklingur sem er, t.d. foreldri eða lögmaður. Þegar umboð liggur fyrir getur umboðsmaður fengið öll sömu gögn og sá sem hann kemur fram fyrir hönd.</p>
Aðrir nemendur	<p>Almennt gilda sömu reglur um aðgang annarra nemenda að upplýsingum um EKKO mál og gilda um aðgang almennings. Ganga má út frá því að tilvist EKKO máls, sem hægt er að tengja við tiltekna einstaklinga, og upplýsingar um málið séu einkamálefni þeirra sem um ræðir sem sanngjarnt og eðlilegt er að leynt fari. Ekki er heimilt að veita öðrum nemendum aðgang að þessum upplýsingum nema með samþykki þeirra sem í hlut eiga.<sup>33</sup> Gott er að hafa í huga að oft er hægt að ræða atvik mála án þess að greint sé frá</p>

<sup>29</sup> 14. gr. upplýsingalaga, nr. 140/2012.

<sup>30</sup> 1. og 4. mgr. 43. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1993037.html>

<sup>31</sup> 14. gr. upplýsingalaga, nr. 140/2012.

<sup>32</sup> 1. og 4. mgr. 43. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

<sup>33</sup> 9. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012

Starfsfólk skóla	<p>Því hvaða einstakling um ræðir og alltaf er hægt að veita almennar upplýsingar um meðferð EKKO mála og almennan stuðning við nemendahópinn.</p> <p>Starfsfólk skóla er bundið þagnarskyldu um trúnaðarupplýsingar. Almennt getur starfsfólk sama skóla rætt saman um mál sem eru til meðferðar innan skólans. Þegar starfsfólk skóla fjallar um persónuleg mál, eins og EKKO mál, þarf alltaf að gæta að meginreglum um vinnslu persónuupplýsinga. Í þeim fellst meðal annars að ekki á að veita starfsfólki upplýsingar um EKKO mál nema þess sé þörf vegna starfa viðkomandi starfsmanns. Gott er að hafa í huga að oft er hægt að ræða atvik mála án þess að greint sé frá því hvaða einstakling um ræðir og alltaf er hægt að veita almennar upplýsingar um meðferð EKKO mála og almennan stuðning við starfsfólk skóla.</p>
Barnavernd og lögregla	<p>Barnavernd og lögregla hafa mjög ríkar heimildir til að afla upplýsinga. Almennt má ganga út frá því að starfsfólk skóla geti veitt barnavernd og lögreglu allar upplýsingar um EKKO mál, og ber í einhverjum tilvikum líka skyldu til að láta upplýsingarnar af hendi, eins og fjallað er um í köflum 2.2.2. og 2.2.3.</p>
Önnur stjórnvöld, þjónustuveitendur, t.d. læknar, sálfræðingar og starfsmenn félagsþjónustu sveitarfélaga	<p>Ef nemandi sem segir frá broti eða nemandi sem er sagður hafa valdið broti hefur óskað eftir samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna má starfsfólk skóla deila öllum upplýsingum sem hafa þýðingu fyrir aðra sem veita viðkomandi barni þjónustu. Ef ekki liggur fyrir beiðni um samþættingu þjónustu ræðst það af efni upplýsinganna og stöðu þess sem tekur við upplýsingum hvort heimilt er að veita upplýsingar um EKKO mál til annarra stjórnvalda og þjónustuveitenda. Í þessum tilvikum er rétt að starfsfólk skóla gangi úr skugga um á hvaða grundvelli óskað er eftir upplýsingum um EKKO mál áður en þeim er miðlað út fyrir skólann.</p>
Almenningur og fjölmiðlar	<p>Almenna reglan er að almenningur og fjölmiðlar eiga rétt á aðgangi að öllum upplýsingum hjá stjórnvöldum. Engu máli skiptir í hvaða tilgangi þessir aðilar ætla að nota upplýsingar. Frá þessari almennu reglu eru þó nokkrar undantekningar. Þar á meðal er regla sem segir að ekki megi veita aðgang að upplýsingum um einkamálefni þeirra sem um ræðir sem sanngjarnt og eðlilegt er að leynt fari. Almennt má ganga út frá því að tilvist EKKO máls, sem hægt er að tengja við tiltekna einstaklinga, og upplýsingar um málið, falli undir þessa reglu. Þótt þetta sé almennt viðmið verður skóli alltaf að leggja mat á sérhvert mál. Ekki er heimilt að almenningi og fjölmiðlum aðgang að slíkum upplýsingum nema með samþykki þeirra sem í hlut eiga.<sup>34</sup> Aldrei á að þrýsta á nemendur að veita slíkt samþykki.</p>

#### 2.3.4 Niðurstaða eftir greiningu

Eftir að búið er að afla fullnægjandi upplýsinga um EKKO mál þarf EKKO fulltrúi eða EKKO teymi að komast að niðurstöðu um hvort ástæða er til að grípa til aðgerða og gera tillögu um slíka aðgerðir. Ef niðurstaða greiningar er sú að

<sup>34</sup> 9. gr. upplýsingalaga, nr. 140/2012.

málið falli undir EKKO er alltaf ástæða fyrir skóla að grípa til aðgerða. Ef niðurstaða greiningar er sú að málið falli ekki undir EKKO verður skóli að leggja mat á hvort ástæða sé til frekari aðgerða og að aðilum málsins sé veittur stuðningur.

Aðgerðir þurfa að ráðast af lögum og reglum, úrræðum sem eru tiltæk fyrir skóla og afstöðu aðila málanna. Aðgerðirnar geta snúið að nemenda sem segir frá broti og þeim sem sagður er hafa valdið broti, að öðrum hvorum þessum aðila, að einstökum nemendahópum og/eða starfsfólki.

## 2.4 Aðgerðir skóla

### 2.4.1 Almenn um stuðning við nemendur

Framhaldsskólum ber samkvæmt lögum að vera veita stuðning í námi fyrir nemendur með fötlun og nemendur með tilfinningalega eða félagslega örðugleika.<sup>35</sup> Látin skal í té sérfræðileg aðstoð og viðeigandi aðbúnaður eftir því sem þörf krefur. Þá skulu framhaldsskólar leitast við að veita þeim nemendum sérstakan stuðning sem eiga við sértæka námsörðugleika að stríða eða veikindi.<sup>36</sup> Þjónustan skal taka mið af mismunandi þörfum nemenda og taka til aðgangs að upplýsingum og gögnum, umsjónar, námsaðstöðu og þjónustu fyrir nemendur sem þurfa sérstakan stuðning.<sup>37</sup>

Útfærsla stuðnings vegna sérþarfa er mismunandi milli framhaldsskóla. Þeir hafa meðal annars yfir að ráða náms- og starfsráðgjöfum, hjúkrunarfræðingum og sálfræðingum í sínu stuðningskerfi. Í reglugerð um nemendur með sérþarfir í framhaldsskólum er fjallað um stuðning með sveigjanlegum og margbreytilegum kennsluháttum. Sérstakur stuðningur við nemendur getur meðal annars falið í sér sveigjanlegt námsumhverfi, sérsniðin námsgögn og sérhæft námsmat.

Nemendur kunna eftir atvikum að eiga rétt á frekari stuðningi innan annarra þjónustukerfa en skóla, t.d. heilbrigðiskerfisins og félagsþjónustu sveitarfélaga. Mikilvægt er að stuðla að samvinnu skóla við þessi þjónustukerfi um úrræði. Gott er að hafa í huga þau tæki til samvinnu sem farsældarlögin bjóða upp á. Vinna þarf áætlun um stuðning við viðkomandi nemanda, ýmist innan skóla eða í samvinnu við aðra sem veita nemandanum stuðning í samræmi við lög um

---

<sup>35</sup> 34. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008.

<sup>36</sup> 34. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008. Sjá líka reglugerð um um nemendur með sérþarfir í framhaldsskólum, nr. 230/2012.

<sup>37</sup> Aðalnámskrá framhaldsskólanna 2011 - almennur hluti, bls. 70.

sambættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Í kafla 4 er yfirlit yfir ýmis stuðningsúrræði sem kunna að nýtast.

#### 2.4.2 Stuðningur við þolanda

Aðgerðir skóla sem snúa að þolanda felast í úrræðum sem hafa það að markmiði að tryggja öryggi og stuðla að bættri líðan. Stuðningurinn á að vera á forsendum nemandans, eftir atvikum með aðkomu forsjáraðila, og taka mið af einstaklingsbundnum aðstæðum hans, áfallasögu og fleira.

Þar sem nemendur sem tengjast EKKO málum hafa mismunandi þarfir og hagsmuni sem eru oft ósamrýmanlegir gerir það framhaldsskólum erfitt fyrir að mæta þörfum allra nemendanna. Þegar framhaldsskóli rýnir aðgerðir sem hægt er að grípa til vegna nemanda sem segir frá broti getur verið gagnlegt að skipta mögulegum aðgerðum upp í flokka eftir því hvort og þá hvernig aðgerðirnar tengjast nemandanum sem sagður er hafa valdið brotinu.

Aðgerðir sem skóli getur gripið til vegna þolanda óháð hagsmunum annarra nemenda eru til dæmis sérstök námsstuðningur eða svigrúm í námi og námsmati, hvíldar- og slökunaraðstaða þar sem nemandinn getur verið viss um að fá að vera í einrúmi og stuðningur náms- og starfsráðgjafa, sálfræðinga eða hjúkrunarfræðinga innan skóla. Þá getur framhaldsskóli aðstoðað þolanda við að leita sér stuðnings utan skóla. Í fjórða kafla er yfirlit yfir ýmis stuðningsúrræði sem kunna að nýtast við þetta.

Aðgerðir sem skóli getur gripið til gagnvart þolanda, sem fela í sér tilfærslur án þess að gripið sé til eiginlegra íþyngjandi athafna gagnvart öðrum nemendum eru aðgerðir sem minnka líkurnar á því að nemendur, sem málið varða, séu í sama rými á sama tíma. Þetta getur verið með breytingum á stundatöflum, breyttu skipulagi kennslu o.s.frv. Nálkast á úrlausn þessara mála út frá þörfum þess sem segir frá broti að því marki sem það er unnt en þó með þeim takmörkunum sem lýst er í kafla 3.

Aðgerðir skóla eiga alltaf að vera á forsendum þolanda. Dæmi um þetta er meðferð upplýsinga um að nemandi hafi orðið fyrir broti. Ákveðinn stuðningur við nemendur, eins og sérstök tilhögun náms, krefst þess að starfsfólk framhaldsskóla sem vinnur með viðkomandi nemanda fái upplýsingar um málið. Mikilvægt er að slík upplýsingamiðlun fari ekki fram nema að undangengnu samráði við nemandann.

Eftir því sem unnt er á nemandinn að fá tækifæri til að móta hvernig hann vill að upplýsingarnar séu settar fram, t.d. hvort veita á almennar upplýsingar til alls starfsfólks eða hvort nemandinn vill að ákveðið starfsfólk hafi aðgang að upplýsingum um EKKO málið og stuðningsþarfir nemandans vegna þess.

#### 2.4.3 Aðgerðir skóla sem beinast að meintum geranda

Hvort sem niðurstaða EKKO máls er að nemandi í skólanum sé talinn hafa valdið broti eða ekki er mikilvægt að skilgreindar séu aðgerðir gagnvart þessum

nemanda. Aðgerðirnar geta falist í stuðningi sérfræðinga innan skólans, svigrúmi í námi og námsmati o.fl.

Ef greining EKKO máls leiðir til niðurstöðu um að nemandi hafi valdið broti þarf að leggja mat á hvort grípa á til íþyngjandi ákvarðana gagnvart þessum nemenda. Þar sem fara þarf fram sérstök málsmeðferð vegna slíkra ákvarðana er fjallað um þær hér á eftir í sérstökum kafla, kafla 3.

#### 2.4.4 Almennar aðgerðir skóla

Þegar upp kemur EKKO mál í framhaldsskóla getur það haft áhrif á allan nemendahópinn og jafnvel allt skólasamfélagið. Þá er mikilvægt að EKKO teymi eða EKKO fulltrúi rýni hvert EKKO mál út frá mögulegum birtingarmyndum neikvæðs skólabrags innan skólans og leggi eftir atvikum til aðgerðir til að bæta skólabrag. Þá þarf að rýna hvort EKKO málið kalli á aðgerðir til að auka öryggi nemenda. Dæmi um ráðstafanir sem skóli getur gripið til vegna þessa er að bæta lýsingu, vöktun húsnæðis eða takmarka notkun síma og samfélagsmiðla í skólanum. Þá getur skóli gripið til ráðstafana sem tengjast skólaferðalögum og félagslífi.

Fræðsla er mikilvæg forvörn við EKKO málum ásamt því að vera liður í viðbragði þegar slík mál koma upp. Fræðslu getur verið beint að öllu starfsfólki og nemendum eða ákveðnum hópum s.s. forsjáraðilum og mikilvægt að hún taki mið af markhópnum, t.d. kyni, aldri og bakgrunni.

## 2.5 Eftirfylgni

Þegar niðurstaða hefur fengist í aðgerðir skóla er rétt að EKKO fulltrúi eða EKKO teymi taki aðgerðirnar saman og skipuleggi eftirfylgni með þeim.

Hafa þarf í huga að afleiðingar áfalla geta verið langvarandi og alvarlegar. Því þarf að miða við að skóli sé með úrræði og eftirfylgni þann tíma sem eftir er af skólagöngu nemenda. Rétt er að gera ráð fyrir því að viðhafa sérstaka aðgæslu gagnvart nemendahópnum vegna EKKO mála á þeim tíma.

Það ræðst af eðli þeirra aðgerða sem gripið er til hvort EKKO fulltrúi eða EKKO teymi, eða annar aðili sem er betur til þess fallinn, beri ábyrgð á eftirfylgninni.

Þegar eftirfylgni með stuðningi við einstaka nemendur fer fram á grundvelli áætlana um stuðning, t.d. stuðningsáætlunar um farsæld barna, er rétt að endurskoða áætlun reglulega þar sem tekið er mið af þróun á þörfum viðkomandi nemanda fyrir stuðning. Miða skal við að slíkar áætlanir séu endurskoðaðar árlega.

## 3. Nánar um íþyngjandi ákvarðanir gagnvart nemendum vegna EKKO

### 3.1 Almennt

Ef til greina kemur að taka íþyngjandi ákvarðanir gagnvart nemendum vegna EKKO mála þarf að leggja þau í formlegan farveg. Farvegurinn er mismunandi eftir því til hvaða úrræða er rétt að grípa. Skólameistari ber ábyrgð á ákvörðun og undanfarandi málsmeðferð.

Íþyngjandi ákvarðanir þurfa að eiga sér stoð í lögum. Lög um framhaldsskóla segja nánar til um hvernig taka eigi slíkar ákvarðanir. Engin tvö mál eru eins og því þarf að skoða hvert mál út frá þeim upplýsingum sem liggja fyrir, og fylgja reglum um málsmeðferð.

### 3.2 Úrræði sem framhaldsskólar geta beitt gagnvart nemendum sem hafa framið brot

Mest íþyngjandi ákvarðanir sem hægt er að taka gagnvart nemendum í skóla er ákvörðun um brottvísun, annað hvort um stundarsakir eða varanlega. Fjallað er um brottvísun í 33. gr. a laga um framhaldsskóla.

Grunnskilyrði þess að heimilt sé að beita brottvísun er að hegðun nemanda reynist verulega áfátt. Engar skýrar leiðbeiningar eru í lögum um hvað nánar felst í því að hegðun nemanda reynist áfátt<sup>38</sup> en skólareglur geta til dæmis verið mikilvægt tæki til að ramma um hegðun sem ætlast er til af nemendum, eins og nánar er fjallað um síðar í þessum kafla.

Í 33. gr. a laga um framhaldsskóla er fjallað um skilyrði þess að hægt sé að beita brottvísun gagnvart nemendum. Þar á meðal segir að skóli þurfi að hafa leitað orsaka hegðunar nemenda og reynt að ráða bót á henni áður en gripið er til aðgerða gagnvart nemandanum. Gert er ráð fyrir að ef EKKO mál hefur verið unnið, með viðtali við nemanda sem er sagður hafa orðið fyrir broti þar sem meðal annars er fjallað um stuðningsþarfir hans, sé þessum formkröfum laganna fullnægt.

Skólameistari veitir framhaldsskóla forstöðu, hann stýrir starfi framhaldsskóla og ber ábyrgð á því.<sup>39</sup> Í þessu felst að í umboði skólameistara eru teknar ýmsar

<sup>38</sup> 4. mgr. 33. gr. a laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008.

<sup>39</sup> 6. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008.



ákvarðanir í framhaldsskólum, t.d. um skipulag náms, umferð um skólahúsnæði o.s.frv.

Innan þessara heimilda skólameistara rúmast ýmsar athafnir framhaldsskóla sem er gripið til sem viðbragð við EKKO máli. Hér er t.d. átt við að færa nemendur á milli hópa í áföngum og bekkja, flytja hópa til í skólahúsnæði, gera breytingar á námsfyrirkomulagi og námsmati eða fyrirkomulagi félagslífs.

Almennt má ganga út frá því að skólameistarar hafi töluvert svigrúm til að taka slíkar ákvarðanir ef þær beinast að ótilgreindum hópi nemenda, þótt þær séu teknar til að bregðast við tilteknum aðstæðum. Ekki á að líta á þær sem íþyngjandi ákvarðanir eða athafnir gagnvart ákveðnum nemendum.

Ákvarðanir sem beinast eingöngu að tilteknum nemanda, t.d. um að nemandi megi ekki sækja staðnám, megi ekki koma á ákveðna staði í skólahúsnæði eða megi ekki taka þátt í félagslífi á vegum skólans, verða aftur á móti að teljast vera íþyngjandi ákvarðanir gagnvart nemendum. Forsenda þess að unnt sé að beita slíkum aðgerðum er að þær samræmist reglum stjórnsýsluréttar t.d. um að þær gangi ekki lengra en nauðsyn krefur.

Framhaldsskólar geta sett ramma um hegðun nemenda í skólareglum og þannig styrkt viðbrögð við EKKO málum sem skólareglur kunna að ná til. Heimilt er að setja skólareglur sem taka á samskiptum og gagnkvæmri virðingu milli nemenda og banni með skýrum hætti ofbeldi og ósæmilega hegðun nemenda í garð annarra nemenda. Með því geta skólareglur gefið skýr skilaboð um hvaða kröfur eru gerðar til nemenda í samskiptum við aðra nemendur, t.d. þegar kemur að stafrænum samskiptum og félagslífi. Með skólareglum er jafnframt heimilt er að setja í skólareglum ramma utan um viðbrögð skóla við brotum á þessum reglum í einstökum málum, þ.m.t. tiltal, aðvörun eða áminningu, breytingu á námsfyrirkomulagi, breytingu á þátttöku í félagslífi og önnur viðurlög.

### Dæmi um skólareglur sem getur stutt við viðbrögð skóla vegna EKKO mála

Nemendur eiga rétt á að þeim sé sýnd kurteisi, tillitssemi og virðing og að þeir séu ekki beittir einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni eða ofbeldi af samnemendum eða starfsfólki skóla.

Verði nemandi uppvís að því að hafa sýnt samnemanda sínum ókurteisi, tillitsleysi, vanvirðingu, beitt eða hótad einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni eða ofbeldi getur skóli tekið ákvörðun um aðgerðir og/eða viðurlög gagnvart honum. Markmið aðgerða og viðurlaga geta meðal annars verið að vernda réttindi einstakra nemenda við skólann og stuðla að bættum samskiptum milli nemenda. Aðgerðir geta falist í ákvörðun um námsfyrirkomulag, t.d. um stundatöflu, fjarnám, skólahúsnæði, og þátttöku í viðburðum á vegum skóla. Viðurlög geta verið brottvísun úr skóla um stundarsakir eða ótímabundið.

Aldrei skal gengið lengra í aðgerðum og viðurlögum en nauðsyn krefst. Ef unnt er að ráða bót á framkomu nemanda skal ekki beita viðurlögum nema honum hafi áður verið veitt aðvörðun eða áminning.

Ef tekin er íþyngjandi ákvörðun gagnvart nemanda á grundvelli þessarar greinar skal um undirbúning hennar fara eftir stjórnsýslulögum.

## 3.3 Val á úrræðum

### 3.3.1 Skyldubundið mat stjórnvalda og meðalhóf

Þegar kemur að EKKO málum og þeim stjórnvaldsákvörðunum og/eða úrræðum sem fylgja í kjölfarið verða stjórnvöld að skoða hvert mál út frá atvikum málsins og aðilum, aðstæðum þeirra, sögu og bakgrunni.

Oft er það þannig að í upphafi málsmeðferðar er til skoðunar að beita fleiri en einu úrræði. Eftirfarandi málsmeðferð varpar betur ljósi á til hvaða úrræða er hægt að grípa, sjá 3.4.

Ferli máls, sem kann að ljúka með íþyngjandi ákvörðun gagnvart nemanda, hefst alltaf með því greina markmið með viðbrögðum skóla. Markmiðin geta t.d. verið að nemandi sem segir frá broti upplifi sig öruggan í skólanum og/eða að nemandi sem framið hefur brot taki ábyrgð á athöfnum sínum með uppbyggjandi hætti. Þegar markmiðin liggja fyrir þarf að greina hvaða leiðir eru færar til að ná þessu markmiði. Ef fleiri en ein leið kemur til greina skal líta til þeirrar leiðar sem er vægust gagnvart nemandanum.

Matið þarf líka að taka tillit til hagsmuna og réttinda nemandans sem mögulegt valdboð beinist að. Hér geta ýmsir þættir skipt máli, svo sem aldur nemandans, staða hans í skólanum, afstaða hans til málsins o.s.frv., sjá nánari umfjöllun um sérstök sjónarmið þegar ákvarðanir varða börn í kafla 3.3.2.

### 3.3.2 Sérstök sjónarmið um börn

Þegar tekin er ákvörðun sem varðar barn þarf að hafa það sem er barni fyrir bestu að leiðarljósi. Þetta þýðir meðal annars að þegar skóli tekur íþyngjandi ákvarðanir gagnvart börnum ber að leggja áherslu á að veita barninu stuðning á þann hátt að það úrræði sem er valið hafi uppbyggileg og þroskandi áhrif. Líta verði til þess að úrræðið sé til þess fallið að barnið átti sig á afleiðingum gjörða sinna og fái tækifæri til að bæta ráð sitt. Of harkaleg viðbrögð geta haft neikvæð áhrif á sjálfsmynd barnsins, dregið úr vilja þess til að bæta hegðun sína og jafnvel leitt til frekari félagslegra vandamála.<sup>40</sup>

Í þessu sambandi skiptir líka máli að samkvæmt lögum um framhaldsskóla eiga nemendur rétt á að stunda nám í framhaldsskóla til 18 ára aldurs.<sup>41</sup> Ef skólameistari hefur í hyggju að taka ákvörðun um brottvísun barns úr framhaldsskóla þarf að gæta þess að slík brottvísun komi ekki til framkvæmda nema búið sé að gera ráðstafanir sem tryggja barninu nám í framhaldsskóla, eftir atvikum í samráði við Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, til að mynda með skólavist í öðrum skóla eða aðgangi að námi utan skóla eða fjarnámi. Jafnframt þarf að veita þetta inn í ákvarðanatöku í ljósi þeirrar röskunar sem brottvísun kann að hafa á skólagöngu nemandans.

### 3.3.3 Samvinna um niðurstöðu eða einhliða ákvörðun?

Í EKKO málum, eins og öðrum málum innan skólasamfélagsins, skiptir miklu máli að nemendur og eftir atvikum aðrir sem koma að máli séu virkir þátttakendur í meðferð málsins og úrlausn þess. Úrræði sem valin eru í samvinnu við nemendur eru best til þess fallin að ná þeim markmiðum sem að er stefnt auk þess sem þau fela ekki í sér óþarflega beitingu valds.

Þess þarf þó að gæta að aðilar stjórnisýslumála eiga rétt á ákveðinni málsmeðferð sem er undanfari ákvörðunar, eins og nánar er fjallað um í kafla 3.4. Nemendur verða að vita af þessum rétti. Ef nemandi er í samvinnu um niðurstöðu verður málsmeðferðin að bera með sér að hann hafi valið samvinnu við skólann frekar en að málið væri lagt í farveg einhliða ákvörðunar.

---

<sup>40</sup> Sjá til hiðsjónar kafla IV.1.2 í álitum umboðsmanns Alþingis í máli nr. 8749/2015  
<https://www.umbodsmadur.is/alit-og-bref/mal/nr/6415/skoda/mal/>

<sup>41</sup> 32. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008.

## 3.4 Málsmeðferð

### 3.4.1 Reglur stjórnáskýslulaga

Ákvarðanir sem hafa áhrif á rétt og skyldur nemenda teljast til stjórnvaldsákvarðana. Stjórnáskýslulög gilda um málsmeðferð þessara ákvarðana.

Hér er yfirlit yfir helstu málsmeðferðarreglur laganna sem reynir á í tengslum við EKKO mál, en ítarlegri umfjöllun verður um beitingu reglnanna hér á eftir.

<b>Rannsóknarregla</b>	Stjórnvald skal sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin í því. <sup>42</sup>
<b>Tilkynning</b>	Eigi aðili máls rétt á að tjá sig um efni þess skv. 13. gr. skal stjórnvald, svo fljótt sem því verður við komið, vekja athygli aðila á því að mál hans sé til meðferðar, nema ljóst sé að hann hafi fengið vitneskju um það fyrir fram. <sup>43</sup>
<b>Andmæla regla</b>	Aðili máls skal eiga þess kost að tjá sig um efni máls áður en stjórnvald tekur ákvörðun í því, enda liggi ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega óþarft. <sup>44</sup>
<b>Birting ákvörðunar</b>	Eftir að stjórnvald hefur tekið ákvörðun skal hún tilkynnt aðila máls nema það sé augljóslega óþarft. Ákvörðun er bindandi eftir að hún er komin til aðila. <sup>45</sup>
<b>Rökstuðningur</b>	Aðili máls getur krafist þess að stjórnvald rökstyðji ákvörðun sína skriflega hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. <sup>46</sup>
<b>Kæruheimild</b>	Aðila máls er heimilt að kæra stjórnvaldsákvarðun til æðra stjórnvalds til þess að fá hana fellda úr gildi eða henni breytt [...] <sup>47</sup>

Í stjórnáskýslulögum er talað um aðila máls en það er sá einstaklingur sem ákvörðunin beinist að. Eins og fjallað hefur verið um í kafla 2.2.1. koma forsjáraðilar fram fyrir hönd barna sinna í slíkum málum.

Ákvarðanir um brottvísun, bæði varanlega og tímabundið, eru stjórnvaldsákvarðanir. Aðrar ákvarðanir sem skóli tekur um réttindi og skyldur nemenda eru líka stjórnvaldsákvarðanir, eins og ákvarðanir um að banna nemanda að sækja viðburði á vegum skólans. Í einhverjum tilvikum kann að vera háð atviksbundnu mati hvort aðrar athafnir skólastjórna sem eru

<sup>42</sup> 10. gr. stjórnáskýslulaga, nr. 37/1993, <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1993037.html>

<sup>43</sup> 14. gr. stjórnáskýslulaga, nr. 37/1993.

<sup>44</sup> 13. gr. stjórnáskýslulaga, nr. 37/1993.

<sup>45</sup> 20. gr. stjórnáskýslulaga, nr. 37/1993.

<sup>46</sup> 21. og 22. gr. stjórnáskýslulaga, nr. 37/1993.

<sup>47</sup> 26. gr. stjórnáskýslulaga, nr. 37/1993.

viðbrögð vegna EKKO mála teljist stjórnvaldsákvæðanir, eins og breytingar á stundartöflum, breytingar á tilhögun náms o.fl.

Þótt málsmeðferðarreglur stjórnsýslulaga gildi eingöngu um stjórnvaldsákvæðanir þarf að gæta að meginreglum stjórnsýsluréttar við allar athafnir stjórnvalda. Þessar reglur eru að meginstefnu til sambærilegar reglum stjórnsýslulaga. Meginreglur stjórnsýsluréttar krefjast þess að skólar rannsaki mál, upplýsi aðila um málið sé til meðferðar og veiti skýringar á niðurstöðu sinni ef eftir því er leitað. Þá er rétt að áréttu að þótt það séu eingöngu stjórnvaldsákvæðanir sem má kæra til mennta- og barnamálaráðuneytis getur aðili máls alltaf leitað til ráðuneytisins með kvörtun yfir stjórnsýslu stofnana ráðuneytisins. Í þessu ljósi er almennt rétt að framhaldsskólar undirbúi íþyngjandi ákvæðanir og athafnir gagnvart nemendum með þeim hætti að málsmeðferðin standist kröfur stjórnsýslulaga.

### 3.4.2 Rannsókn

Eins og þegar hefur verið fjallað um kafla 2.3. verða til upplýsingar við greiningu EKKO máls sem síðan eru notaðar til að taka ákvæðanir um næstu skref málsins.

Rannsóknarreglan felur í sér að fullnægjandi upplýsingar þurfa að liggja fyrir í máli áður en ákvörðun er tekin. Þetta þýðir meðal annars að þau málsatvik og forsendur sem stjórnvöld byggja ákvæðanir sínar á þurfa að vera studdar fullnægjandi gögnum. Hér þarf að hafa í huga að skrá munnlegar upplýsingar sem máli skipta.

Í EKKO máli þarf skóli að safna saman öllum gögnum og taka afstöðu til þess á hvaða atvikum eða forsendum skóli getur byggt niðurstöðu sína. Hér skiptir máli að framhaldsskólar nálgist málið út frá forsendum skóla. Rannsókn skólans á að beinast að því hvort upplýst sé um hvort háttsemi nemanda kalli á viðbrögð skóla en ekki komast að niðurstöðu um hvort refsiverður verknaður hafi verið framinn.

Eins og fjallað hefur verið um í köflum 3.2. og 3.3. eru fleiri atriði en varða beinlínis EKKO málið sem þarf að upplýsa áður en hægt er að ákveða til hvaða úrræða er rétt að grípa gagnvart nemandanum.

Rannsókn stendur yfir á meðan málið er til meðferðar. Hún getur verið framkvæmd með ýmsum hætti, með því að safna saman gögnum um nemandann í skólanum, með samtölum við aðra (með hliðsjón af reglum sem fjallað er um í kafla 2.3.2.) og með samtölum við nemandann sjálfan, sjá jafnframt umfjöllun um andmælareglu í kafla 3.4.4.

### 3.4.3 Tilkynning um að mál sé til meðferðar

Eins og fjallað hefur verið um í kafla 2.3. er liður í greiningu EKKO máls að ræða við þá sem koma að málinu. Nemendur sem EKKO málið varðar taka því þátt í meðferð þess.

Þegar greining EKKO máls liggur fyrir og niðurstaða um að grípa þurfi til aðgerða gagnvart nemanda skólans er rétt að tilkynna viðkomandi nemanda það sérstaklega. Þetta á að gera eftir að niðurstaða liggur fyrir um að grípa þurfi til aðgerða en áður en ákveðið er endanlega hvaða aðgerðir það eiga að vera. Í tilkynningu er rétt að fram komi hvaða aðgerðir skólinn er að skoða.

Í tilkynningu um að mál sé til meðferðar er oft jafnframt fjallað um andmælarétt, t.d. með kynningu gagna og boði um að veita skrifleg andmæli eða með samhliða boði á fund um frekara samtal um málið, sjá 3.4.4.

#### 3.4.4 Andmælaregla

Málsaðilar skulu eiga þess kost að gæta réttar síns og hagsmuna með því að kynna sér gögn máls, tjá sig um framkomnar upplýsingar og koma að frekari upplýsingum og viðhorfum áður en stjórnvald tekur ákvörðun. Andmælareglan er útfærsla á rétti aðila til að taka þátt í og hafa áhrif á meðferð og úrlausn máls síns hjá stjórnvöldum. Almenn má ganga út frá því að ef aðili fær að taka virkan þátt í málsmeðferðinni aukast líkur á góðu samstarfi og viðkomandi er betur í stakk búinn til að skilja grundvöll ákvörðunar.

Við meðferð máls nemanda sem tengist EKKO máli er líklegt að nemandinn hafi á einhverjum stigum málsins lýst afstöðu sinni og komið sínum sjónarmiðum að. Þá er rétt að ítreka að samkvæmt lögum um framhaldsskóla ber skóla að reyna að ráða bót á hegðun nemanda sem reynist áfátt meðal annars með viðtölum við hann.

Á sama tíma er mikilvægt að greina á milli þessara almennu þátttöku og reglna stjórnáslulaga um rétt aðila til að tjá sig um efni málsins, svonefndrar andmælareglu. Í andmælareglunni felst að ef ný gögn hafa bæst við mál sem aðila er ókunnugt um og eru honum í óhag má stjórnvald ekki taka ákvörðun fyrr en búíð er að kynna aðilanum þessi gögn og gefa honum færi á að koma að andmælum vegna þeirra. Með andmælarétti á að tryggja að aðili geti komið athugasemdum sínum á framfæri, bent á misskilning eða ónákvæmni í gögnum máls eða bent á ný atriði sem máli skipta.

Andmælareglan er nátengd reglum um rétt aðila máls til aðgangs að gögnum, en þeim reglum hefur að nokkru verið lýst í 2.3.3. Þegar taka þarf afstöðu til þess hvort virkja þarf þessa reglu þarf alltaf að vera búíð að skilgreina hvort gögn tilheyra viðkomandi máli og hvort aðilinn á rétt til aðgangs að þeim. Til dæmis má benda á að þegar kemur að aðgerðum og úrræðum gagnvart nemanda sem hefur framið EKKO brot er líklegt að gögn sem varða eingöngu nemandann sem sagði frá brotinu falli utan við mál hans.

Reynslan sýnir að í flóknum málum er ákveðin hættu á því að þess sé ekki gætt að nemandinn hafi notið andmælaréttar vegna allra viðeigandi upplýsinga í málinu, t.d. upplýsinga sem hefur verið aflað á seinni stigum. Það er því gott viðmið áður en ákvörðun er tekin að fara vel yfir hvaða upplýsingar og gögn nemandinn hefur fengið til tryggja að andmælaréttar hafi verið gætt.

### 3.4.5 Ákvörðun, rökstuðningur og kæruehimild

Þegar ákvörðun hefur verið tekin þarf að birta hana aðila máls svo hún öðlist réttaráhrif. Mælt er með að kynna ákvörðun skriflega en það er hægt að tilkynna niðurstöðuna munnlega.

Aðili máls á rétt á því að fá ákvörðun rökstudda. Ekki er skylt að veita rökstuðning samhliða ákvörðun. Þegar tekin er íþyngjandi ákvörðun gagnvart nemanda er þó mælt með því að láta rökstuðning fylgja. Með ritun rökstuðnings fer skóli skipulega í gegnum málið og það stuðlar að vönduðum undirbúningi. Ef rökstuðningur fylgir ekki ákvörðun þarf að leiðbeina aðila um að hann geti óskað eftir rökstuðningi.

Í rökstuðningi þarf að lýsa atvikum málsins sem skóli byggir niðurstöðu sína á. Þá þarf að lýsa réttarreglunum sem ákvörðun og þeim meginsjónarmiðum sem skóli leit til við ákvörðunina. Mikilvægt er að rökstuðningur endurspegli sjónarmiðin sem fjallað er um í kafla 3.3.

Ef ákvörðunin varðar barn þarf að lýsa í rökstuðningi hvernig skóli mat hvað er barni fyrir bestu, sjá kafla 3.3.2. Ef ákvörðunin felur í sér tímabundna eða varanlega brottvísun þarf að leiðbeina nemandanum um hvernig áframhaldandi skólagöngu hans verður háttáð. Í rökstuðningi þarf jafnframt að veita leiðbeiningar um kæruehimild til ráðuneytisins, sjá kafla 3.4.6.

### 3.4.6 Hvað gerist í kjölfar ákvörðunar?

Eftir að ákvörðun hefur verið tilkynnt er unnt að hrinda henni í framkvæmd.

Eins og meðal annars er fjallað um í kafla 2.5. geta áhrif EKKO mála verið langvarandi og alvarleg. Mikilvægt er að hafa í huga að þótt ein ákvörðun hafi verið tekin gagnvart nemanda vegna þess kann að vera að síðar þurfi að endurskoða hana.

Ef nemandi biður um endurupptöku máls og atvik hafa breyst verulega eða nýjar upplýsingar komið fram á hann rétt á því að málið verði tekið upp að nýju. Jafnframt geta aðrar aðstæður leitt til þess að rétt sé að taka mál til meðferðar að nýju.

Þá getur nemandi kært ákvörðun til mennta- og barnamálaráðuneytis eða beint kvörtun til ráðuneytisins vegna þess hvernig skólinn hefur tekið á málum. Rétt er að áréttta að kæra frestar almennt ekki réttaráhrifum ákvörðunar.

## 4. Yfirlit yfir ýmis stuðningsúrræði vegna EKKO mála

Ráðgjöf og fræðsluefni		
<p><a href="#">Stígamót</a></p> <p>Ráðgjafar- og fræðslumiðstöð sem vinnur gegn kynferðisofbeldi.</p>	<p><a href="#">Sjúkt spjall</a></p> <p>Nafnlaust netspjall fyrir ungmenni til að ræða áhyggjur af samböndum sínum, samskiptum eða ofbeldi.</p>	<p><a href="#">Bjarkarhlíð í Reykjavík</a> og <a href="#">Bjarmahlíð á Akureyri</a></p> <p>miðstöð fyrir þolendur ofbeldis yfir 18 ára. Einstaklingsviðtöl, lögfræðileg ráðgjöf og lögreglumaður á staðnum sem veitir upplýsingar um réttarvörslukerfið.</p>
<p><a href="#">Heimilisfriður</a></p> <p>meðferð fyrir karla/konur sem beita ofbeldi</p>	<p><a href="#">1717</a></p> <p>Hjálparsími og netspjall Rauða krossins. Ráðgjöf, sálfélagslegur stuðningur, hlustun og upplýsingar um úrræði í boði.</p>	<p><a href="#">Kvennaráðgjöfin</a></p> <p>Ókeypis lögfræði- og félagsráðgjöf fyrir öll.</p>
<p><a href="#">Taktu skrefið</a></p> <p>Úrræði fyrir fólk sem hefur áhyggjur af kynferðislegri hegðun sinni eða hefur beitt kynferðisofbeldi.</p>	<p><a href="#">Samskiptaráðgjafi íþróttar- og æskulýðsstarfs</a></p> <p>Samskiptaráðgjafi aðstoðar vegna mála sem varða ofbeldi, áreitni og einelti í íþróttar- og æskulýðsstarfi.</p>	<p><a href="#">Stopp ofbeldi!</a></p> <p>Margvíslegt og vandað námsefni.</p>
<p><a href="#">Fræðslutorg BoFS</a></p> <p>Fræðslutorg Barna- og fjölskyldustofu þar sem m.a. eru upplýsingar um farsæld barna og kynferðisofbeldi og kynferðislega hegðun.</p>	<p><a href="#">Stopp ofbeldi! – framhaldsskóli</a></p> <p>Fræðsluefni fyrir framhaldsskóla um kynferðislegt og kyndbundið ofbeldi og áreitni.</p>	<p><a href="#">Ofbeldi gegn börnum – hlutverk skóla</a></p> <p>Handbók fyrir starfsfólk skóla.</p>
Neyðarlínan 112.is		
<p><a href="#">Fyrir unglinga</a></p> <p>Fræðsla um ofbeldi, samþykki og einelti.</p>	<p><a href="#">Stoppum ofbeldishegðun</a></p> <p>Fræðsla um ýmsar hliðar ofbeldis.</p>	<p><a href="#">Leiðarvísir um réttarvörslukerfið fyrir þolendur kynferðisbrota</a></p>



## Lögregla og heilbrigðiskerfið

### [Fjarskiptamiðstöð lögreglu](#)

Með því að hafa samband við 112 er hægt að fá samband við fjarskiptamiðstöð lögreglu og leita ráða hjá lögreglunni vegna mögulegs brots.

### [Neyðarmóttaka kynferðisofbeldis](#)

Bráðamóttaka Landspítalans í Fossvogi. Þangað geta öll leitað vegna nauðgunar, tilraunar til nauðgunar eða annars kynferðisofbeldis.

### [Áfallateymi Landspítala](#)

Hægt að fá tilvísun til þess eftir komu á neyðarmóttöku.

### [Kærumóttaka lögreglu](#)

Tímamantanir til að leggja fram kæru vegna brots.

## Miðstöð menntunar og skólaþjónustu

### [Miðstöð menntunar og skólaþjónustu](#)

Heimasíða stofnunarinnar.

### [Landsteymi um farsæld barna](#)

Stuðningur og ráðgjöf um úrræði, leiðir og lausnir.

### [Fagráð eineltismála](#)

Stuðningur vegna eineltismála með almennri ráðgjöf, leiðbeiningum og upplýsingagjöf.

## Barnavernd

### [Barna- og fjölskyldustofa](#)

Heimasíða stofnunarinnar.

### [Barnahús](#)

Upplýsingar og fræðsla um kynferðisofbeldi og viðbrögð við því þegar barn greinir frá ofbeldi.

### [Listi yfir barnaverndarþjónustur sveitarfélaga](#)

# Viðauki: Punktar um forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi og áreitni í framhaldsskólum

Kynferðislegt ofbeldi og áreitni getur haft viðamiklar og langvarandi áhrif á þau sem fyrir því verða. Eins þarf að veita gerendum slíks ofbeldis aðstoð svo að hegðunin haldi ekki áfram. Oft er einblínt á viðbrögð þegar ofbeldið hefur þegar átt sér stað en það má ekki gleyma því að markmiðið er að færri beiti slíku ofbeldi. Þessu má vinna að með markvissri heilsueflingu og forvarnarstarfi í skólanum.

Þannig má skipta markmiðum í þrennt:

1. Markviss heilsuefling og forvarnir til þess að koma í veg fyrir að ofbeldi eigi sér stað.
2. Skýr viðbragðsáætlun og verkferlar ef upp koma ofbeldismál.
3. Áfallamiðuð nálgun í skólastarfi. Gera má ráð fyrir að hluti nemenda hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi og því er ástæða til að huga að áfallamiðaðri nálgun í skólastarfinu til þess að auka líkur á því að þolendur ofbeldis geti notið skólagöngu sinnar.

Hér eru tekin saman atriði sem þurfa að vera til staðar í framhaldsskólum til þess að koma í veg fyrir ofbeldi og taka á málum þegar þau koma upp.	Já	Nei
<i>Heilsuefling og forvarnir</i>		
Markvisst heilsueflingarstarf fer fram skólanum með virkri þátttöku í Heilsueflandi framhaldsskóla		
Markvisst er unnið að jákvæðum skólabrag í samræmi við „ <a href="#">Reglugerð</a> um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í framhaldsskólum“		
Forvarnaráætlun gegn áreitni og ofbeldi (þ.m.t. kynferðislegt ofbeldi) er til staðar		
Markvisst unnið eftir <a href="#">Þingsályktun</a> gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi		
Markvissar <a href="#">aðgerðir</a> eru gegn kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum (fyrir starfsfólk)		
Forvarnaráætlun gegn áfengis- og vímuefnanotkun		
Lagt er upp með að bjóða upp á félagslíf þar sem engin áfengisneysla er		
Markvisst er unnið að því að orðfæri og framkoma starfsfólks einkennist af virðingu fyrir fjölbreytileika		
Jafnréttisáætlun er til staðar		
Kynheilbrigði og jafnrétti er kennt í skólanum		
Starfsfólk fær reglulega fræðslu um forvarnir gegn kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi og hlutverk sitt í þeim efnum. (meðal annars gegnum <a href="#">gagnvirkt netnámskeið</a> BOFS)		
Starfsfólk tekur mið af <a href="#">áfallamiðuðum</a> nálgunum í starfi sínu.		
<i>Viðbragðsáætlanir</i>		

Virk viðbragðsáætlun vegna kynbundinnar og kynferðislegrar áreitni og ofbeldis er til staðar, bæði fyrir starfsfólk og nemendur		
Óformleg málsmeðferð mæti þörfum þolenda til þess að geta haldið áfram námi sínu/vinnu		
Skilgreindir ferlar og ábyrgðaraðilar eru til staðar		
Unnið er markvisst með mál innan skóla þó svo að verið sé að vinna þau á öðrum vettvangi, svo sem innan barnaverndar eða lögreglu		
Skilgreint hvaða utanaðkomandi aðila er hægt að leita til (t.d. fagráð eineltismála, lögregla, barnavernd, heilsugæsla, félagsþjónusta)		

#### Nokkrar skýringar:

Heilsuefling miðar að því að bæta heilsu og líðan með því að vinna markvisst með áhrifaþætti, ekki síst umhverfisþætti. Þetta ferli gerir fólki kleift að hafa aukin áhrif á heilsu sína og bæta hana. Holla valið þarf að vera eins auðvelt (aðgengilegt) og mögulegt er og þar sem fólk býr, starfar og leikur sér.

Forvarnir snúa að því að fyrirbyggja skaðlega áhrifaþætti og hegðun, svo sem að koma í veg fyrir ofbeldi og áfengisneyslu.

Virk þátttaka í Heilsueflandi framhaldsskóla – Með virku heilsueflingarstarfi er átt við að vinna markvisst með að því að bæta heilsu og líðan allra í skólanum. Þetta má vinna gegnum Heilsueflandi framhaldsskóla (HEF) sem stendur öllum framhaldsskólum til boða þeim að kostnaðarlausu. Meðal gátlista HEF sem nýtast sérstaklega í þessari vinnu eru gátlisti um geðrækt, gátlisti um áfengi og vímuefni, gátlisti um jafnrétti og kynheilbrigði og gátlisti um öryggi.

Markvisst unnið með skólabrag – Til dæmis með að vinna að því að því að skemmtanir geti verið áfengislausar og bjóða upp á skemmtanir þar sem ekki hefur skapast „venja“ um áfengisneyslu. Eins að veita aðhald og stuðnings vegna félagsstarfs nemenda, t.d. útgefin blöð, myndbönd, hlaðvörp og fleira. Að fullorðið fólk gangi á undan með góðu fordæmi og sýni umhyggju og virðingu. Ráð og nefndir fái stuðning frá starfsfólki og hugað sé að kynjahlutföllum og starfsháttum.

Forvarnaráætlun gegn kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi – hvernig er skólinn að vinna markvisst að því að skapa aðstæður þar sem ofbeldi þrífst ekki og hvernig er tekið á þeim málum sem upp koma.

Forvarnaráætlun gegn áfengis- og vímuefnanotkun – hvernig skólinn vinnur að því að skapa umhverfi og aðstæður til þess að draga úr áfengis- og vímuefnanotkun. Slík notkun hefur tengingar við ofbeldi og því mikilvægt að skoða þessar forvarnir í samhengi.

Jafnréttisáætlun – Sem skoðar og endurmetur aðstæður á vinnustað til að ryðja úr vegi hindrunum sem verða á vegi kynja. Upplýsingar má finna á heimasíðu Jafnréttisstofu [www.jafnretti.is](http://www.jafnretti.is)

Virk viðbragðsáætlun vegna áreitni og ofbeldi – Til staðar er viðbragðsáætlun sem tekur á áreitni og ofbeldi sem upp getur komið í skólanum. Hér er átt við milli nemenda, milli starfsfólks og milli nemenda og starfsfólks. Mikilvægt er að hafa í huga hversu flókin og ólík mál geta verið og að gera sér far um að gera verkferla áður en fólk er að vinna með málin. Sérstaklega þarf að hafa í huga mál þeirra nemenda sem eru undir 18 ára aldri, en skoða má viðbragðsáætlun sem gerð var fyrir grunnskóla og gott getur verið að hafa til hliðsjónar. Mikilvægt er að allt starfsfólk sé upplýst um áætlunina og viti hvernig ferli mála er. Þessi áætlun getur verið samtvinnuð viðbragðsáætlun vegna eineltis.

Óformleg málsmeðferð mæti þörfum – Algengt er að sérstaklega nemendur vilji ekki fara í formlega meðferð máls. Þess vegna er mikilvægt að veita stuðning og grípa til aðgerða þrátt fyrir að tilkynnandi vilji ekki fara í formlega málsmeðferð (ef um börn undir 18 ára er að ræða eiga barnaverndarlög við). Þetta er hægt að gera með ýmsum hætti svo sem að veita tilkynnanda ráðgjöf, gera skipulagsbreytingar í starfi skólans ef það á við, vera með almenna fræðslu um samskiptafærni fyrir hóp innan skólans, gera tengslakönnun í nemendahóp og ýmislegt í þeim dúr. (Sem dæmi má sjá tillögur á vef Menntamálastofnunar gegn einelti.)

Höfum í huga:

- Orðalag og orðfæri – uppfærum orðfæri eftir því sem við á. Til dæmis að huga að kynjuðu máli, notum ekki úrelt hugtök.
- Gerum ráð fyrir fjölbreytileika, ekki bíða eftir að árekstrar verði.
- Ungt fólk í framhaldsskóla þarf stuðning og skilning á þessum mikilvægu mótunarárum.

